

ÁGÚST 2025



Ársskýrsla

2024

Efnisyfirlit

Aðfararorð landlæknis	3
Hlutverk, framtíðarsýn og stefna embættis landlæknis	4
Rekstur og öryggi	5
Eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu	9
Heilbrigðisupplýsingar	13
Lýðheilsa	19
Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna	26
Sóttvarnir	32
Styrkir	36
Fjárhagur	38

Aðfararorð landlæknis

Ársskýrsla embættis landlæknis fyrir árið 2024 gefur yfirlit yfir helstu verkefni, áherslur og árangur stofnunarinnar. Að vanda voru verkefni embættisins fjölbreytt og starfsemin hefur vaxið verulega, einkum vegna fjölbjóðlegra verkefna og styrkja frá Evrópusambandinu. Þau tímamót urðu í desember 2024 að Alma D. Möller lét af embætti sem landlæknir en hún hafði gegnt starfinu frá árinu 2018. Guðrún Aspelund, sóttvarnalæknir, var þá tímabundið sett til að gegna embættinu þangað til undirrituð tók við í mars 2025. Fyrrum landlækni og öðrum þeim sem hættu störfum á árinu eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf.



Á árinu var lögð sérstök áhersla á að efla gagnsæi og miðlun tölfræðiupplýsinga um heilbrigði þjóðarinnar, sem birtist meðal annars í þróun nýrra mælaborða og aukinni útgáfu tölfræðilegra yfirlita. Innleiðing á miðlægu lyfjakorti hefur staðið yfir síðastliðin tvö ár. Miðlægt lyfjakort veitir yfirlit yfir núverandi lyfjanotkun sjúklings og lyfjasögu, sem stuðlar að betri yfirsýn og öryggi í lyfjameðferð.

Einnig hófst innleiðing lýðheilsuáðs með það að markmiði að styrkja heilsueflingu og forvarnir í samfélaginu. Lýðheilsuáði er ætlað að meta áhrif stefnumótunar og aðgerða á heilsu og vellíðan landsmanna og verður sífellt mikilvægara í stefnumótun stjórnvalda.

Lýðheilsuvaktin var þróuð áfram á árinu og er nú gagnvirk mælaborð sem sýnir reglulega uppfærðar upplýsingar um heilsu, líðan og lifnaðarhætti þjóðarinnar. Þar má nálgast niðurstöður úr mánaðarlegum könnunum og öðrum rannsóknum sem styðja við stefnumótun, forvarnir og heilsueflingu. Auk þess voru lýðheilsuvísar birtir í níunda sinn og endurspegla þeir heilsu og líðan íbúa eftir heilbrigðisumdæmum og í stærstu sveitarfélögum landsins.

Á árinu 2024 störfuðu 89 einstaklingar hjá embætti landlæknis sem er fjölgun um 16 starfsmenn frá fyrra ári. Þessi fjölgun tengist fyrst og fremst stórum Evrópustyrkjum sem veittir hafa verið embættinu og gera því kleift að sinna mikilvægum verkefnum í þágu landsmanna, stuðla að nýsköpun og efla samstarf við nágrannabjóðir. Evrópustyrkir hafa meðal annars stutt við þróun rafrænna lausna, sóttvarnaverkefni og alþjóðlegt samstarf á sviði lýðheilsu.

Hlutverk embættis landlæknis er fjölbreytt en meginmarkmið þess er að stuðla að heilbrigði landsmanna, m.a. með því að efla lýðheilsustarf og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og stuðla að því að lýðheilsustarf og heilbrigðisþjónusta byggist á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma. Það er von okkar að þessi ársskýrsla gefi gott yfirlit yfir hvernig unnið hefur verið að þessum verkefnum á árinu 2024 og þann árangur sem náðst hefur. Flest verkefni embættisins eru til langs tíma og hér eftir sem hingað til verður lögð áhersla á samstarf við innlenda og erlenda aðila, nýsköpun og stöðuga þróun í þágu heilsu og velferðar landsmanna. Embætti landlæknis þakkar fyrir samstarfið á árinu 2024.

María Heimisdóttir landlæknir

Hlutverk, framtíðarsýn og stefna embættis landlæknis

Hlutverk

Stuðla að góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu, heilsuefningu og forvörnum. Nánar er kveðið á um hlutverk embættis landlæknis í [lögum um landlækni og lýðheilsu](#).

Framtíðarsýn

Góð heilsa og vellíðan landsmanna byggð á heilsuefningu, forvörnum og aðgengilegri og öruggri heilbrigðisþjónustu sem styðst við bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.

Gildi

Ábyrgð: Við leysum verkefni sem okkur eru falin af metnaði og fagmennsku. Við bendum á það sem betur má fara.

Virðing: Við berum virðingu fyrir þeim sem til okkar leita og hvert fyrir öðru með því að sýna tillitssemi, góðvild og sanngirni.

Traust: Við ávinnum okkur traust með því að veita áreiðanlega þjónustu og gæta jafnræðis í hvívetna.

Starfsáætlun


Árlega er lögð fram [starfsáætlun](#) sem er vegvísir embættisins. Verkefnum er forgangsraðað út frá fjórum aðaláherslum; heilbrigðisstefnu, lýðheilsu, sóttvörnum og innra starfi.

Heilbrigðisstefna	Lýðheilsustefna	Sóttvarnir	Innra starf
Áherslur - Markviss vöktun á veitingu heilbrigðisþjónustu og ráðgjöf henni tengd - Aukin skilvirkni í eftirliti með heilbrigðisþjónustu - Viðtæk gæðapróun innan heilbrigðisþjónustu - Markviss samstarf og samráð við notendur og hagsaðila heilbrigðisþjónustu - Sófnun, notkun og miðlun gagna úr heilbrigðisskrám til ráðgjafar, eftirlits og vísindarannsóknar - Nýsköpun, þróun og innleiðing rafræna heilbrigðislausa - Einstaklingar hafi aðgang að eigin heilsufars-upplýsingum og séu virkir þátttakendur í eigin meðferð og heilbrigði	Áherslur - Markviss vöktun á heilsu, líðan og heilsuhegðun - Unnið að velsældarhagkerfi og lýðheilsumati - Heilsuefandi sveitarfélög, skólar, vinnustaðir, eldri borgarar og þjónusta - Heildstætt smát á heilsuefandi starfi - Miðlun upplýsinga um aðgerðir sem byggja á bestu þekkingu og reynslu - Stuðningur við heilsuefandi starf með viðeigandi gögnum - Forvarnir krabbameina og annarra langvinnra sjúkdóma	Áherslur - Vöktun smitsjúkdóma og alvarlegra heilsufarslegra afleiðinga eituro- og geislavirkra efna, sem ógna almannaheill - Öflugar forvarnir gegn smitsjúkdómum - Miðlun áreiðanlegra upplýsinga til almennings og heilbrigðisstarfsfólks - Markvissar almennar bólusetningar - Undirbúningur og samhæfing viðbragða við heilbrigðisögnun - Vöktun sjúkalyfjanotkunar og sjúkalyfjaðnæmis	Áherslur - Ábyrgð, virðing og traust í starfi embættisins - Skilvirk stjórn fjármála - Þróa áfram rafræna stjórnsýslu hjá embættinu - Öflug öryggis- og gæðastjórnun - Styrkja embættið sem heilsuefandi vinnustað
Aðgerðir - Þróa nýjar lausnir í eftirlitsstarfi embættisins - Endurvekja fagráð um sjúklingaöryggi og leita meira til notenda við eftirlit - Efla enn frekar eftirlit með lyfjaávisunum - Innleiða samræmda atvikaskráningu um allt land - Átak í vinnslu kvartanamála - Endurmat á Áætlun um gæðapróun - Endurskoða skráningu slysa og þarfagreina nýja slysskrá - Ljúka endurskoðun og innleiðingu lágmarksskráningar í heilbrigðisþjónustu - Móta stefnu embættisins um heilbrigðisupplýsingar - Taka þátt í endurskoðun lagaákvæða um heilbrigðisskrár og miðlægar heilbrigðislausnir - Staðla lýsigögn um breytur í heilbrigðisskrám og auðveldaða aðgengi - Byggja upp innvið fyrir fjarheilbrigðisþjónustu - Ljúka innleiðingu á miðlægu lyfjakorti - Þróa nýja skimunarskrá sem einnig styður við ristilskimanir - Vinna að Líffsskrá og miðlægu snjókomri - Vinna að rafrænni miðlun lykilupplýsinga sjúklinga innan Evrópu - Færa fræðsluefni af vef embættisins á Heilsuveru	Aðgerðir - Greina og birta upplýsingar úr Heilsa og líðan 2022 - Innleiða velsældarhagkerfi og lýðheilsumat - Gera velsældaráætlun til að bæta líðan og draga úr einmanaleika ungs fólks - Halda Velsældarþing 2023 og 2024 - Vinna með heilsugæslu að heilsuefandi þjónustu og tengja við heilsuefandi samfélög - Styðja við innleiðingu á skimun og stuttu inngrípi í heilsugæslu vegna áfengisvanda - Vinna að auknu heilsulæsi, m.a. í gegnum Heilsuveru og nýta fjölbreytta samfélagsmiðla - Vekja athygli á mikilvægi svefns - Hefja vinnu við endurskoðun ráðlegginga um mataræði og næringaræfni fyrir Ísland - Kynna upplýsingaveitu sem inniheldur góð dæmi um heilsuefningu og forvarnir - Fylgja eftir aðgerðaáætlun um sjálfsvígisforvarnir - Gefa út og innleiða ráðleggingar um heilsuefningu og forvarnir í skólum - Taka þátt í mati á áhrifum loftslagsbreytinga á heilsu og líðan - Taka þátt í Evrópuverkefni til að draga úr tíðni krabbameina og annarra langvinnra sjúkdóma - Vitundarvakning um skaðsemi nikótíns	Aðgerðir - Efla vöktun alvarlegra smitsjúkdóma og miðlun upplýsinga - Auka við fræðslu til almennings og heilbrigðisstarfsfólks um sýkingavarnir - Bregðast við aukinni útbreiðslu kynsjúkdóma; uppfæra leiðbeiningar, efla fræðslu og bæta aðgengi að greiningarprófum - Vinna með heilsugæslunni að aukinni þátttöku í almennum bólusetningum - Endurskoða og uppfæra viðbragðsáætlanir - Þverfagleg samvinna um aðgerðir gegn sjúkalyfjaðnæmi í anda <i>Einnar heilsu</i> - Vinna með læknum að skynsamlegri notkun sjúkalyfja	Aðgerðir - Vinna markviss með gildi embættisins að leiðarljósi - Taka þátt í norrænu og Evrópusamstarfi sem stuðlar að símenntun starfsfólks - Fylgjast með trausti almennings til embættisins - Koma á vefgáttum til umsóknar um starfsleyfi og tilkynningar um rekstur - Birta skrá yfir rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu - Koma á vefgáttum vegna kvartana yfir heilbrigðisþjónustu og vegna alvarlegra óvæntra atvika í heilbrigðisþjónustu - Styrkja gæða- og öryggiskerfi embættisins - Ljúka við innleiðingu grænna skrefa í ríkisrekstri - Gera starfsmannakannanir með reglubundnum hætti - Vinna áfram að skilvirkri samstarfi milli sviða - Innleiða gátlista um heilsuefningu á vinnustaðnum

Rekstur og öryggi

Mannauður

Í árslok 2024 [störfuðu 89 einstaklingar](#) hjá embætti landlæknis, í samtals **82,2 stöðugildum**. Starfsfólki fjölgaði um 16 frá fyrra ári en stöðugildum fjölgaði um 14,7. **Tengist þessi fjölgun stórum Evrópustyrkjum** sem embættið hefur fengið. Í fullu starfi voru 76 en aðrir í lægra starfshlutfalli, frá 20%-90%. Um 17% starfsfólks er í tímabundnu starfi.



Mynd 1. Starfsfólk og stöðugildi hjá embætti landlæknis 2018-2024

Auk starfsfólks í föstu eða tímabundnu starfi komu verktakar að fjölmörgum verkefnum innan embættisins, fyrst og fremst að hugbúnaðargerð.


Laun og launatengd gjöld voru um 51% af heildarútgjöldum stofnunarinnar en laun námu samtals um 1.229 milljónum á árinu.

Meðalaldur starfsfólks var 49,5 ár en starfsfólk var á aldrinum 28 til 69 ára. Áfram er viðvarandi kynjahalli hjá embættinu en tæplega **78% starfsfólks eru konur**. Starfsfólk embættisins er í 13 mismunandi stéttarfélögum þar sem Viska, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins, Læknafélag Íslands og Sameyki eru fjölmennust.

Embætti landlæknis metur starfsfólk sitt að verðleikum, leggur áherslu á jafnrétti og tryggir jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf. Allt starfsfólk nýtur jafna tækifæra þegar horft er til ráðninga, kjara, framgangs í starfi og sí- og endurmenntunar. Embættið vinnur samkvæmt [jafnréttisáætlun](#) og hefur **vottað jafnlaunakerfi**.


Embætti landlæknis hefur á að skipa öflugum og reynslumiklu starfsfólki, með mjög víðtæka og mikla menntun og fjölbreytta reynslu. Embættið styður starfsfólk í að viðhalda og afla sér þekkingar. Í stofnanasamningum á milli embættisins og stéttarfélaganna eru ákvæði um markvissa sí- og endurmenntun og í því skyni er starfræktur öflugur símenntunarsjóður sem er vel nýttur.

Embættið er [heilsueflandi vinnustaður](#) sem vill stuðla að **heilsu og vellíðan starfsfólks**. Í því skyni býðst starfsfólki árlegur **heilsuræktar- eða íþróttastyrkur** auk þess sem embættið tekur á hverju ári virkan þátt í Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna. Þá gerir embættið **samgöngusamninga** við það starfsfólk sem kys að nota vistvænan ferðamáta til og frá vinnu en á árinu 2024 var **35% starfsfólks** með slíkan samning.



Mynd 2. Hlutfall starfsfólks með samgöngusamning 2019-2024

Embætti landlæknis hefur lokið innleiðingu [Grænna skrefa](#) Umhverfis- og orkustofnunar en þau ná yfir alla helstu umhverfispætti í hefðbundnum skrifstofurekstri með það í huga að lækka kolefnisspor. Markmið embættisins er að **endurvinnsluhlutfall** úrgangs sé yfir 90% en á árinu **2024 var það rúmlega 80%**. Heildarlosun ársins á CO2 hefur vaxið en skýringa má leita í umtalsverðri aukningu á alþjóðlegu samstarfi og þá sérstaklega í tengslum við stóra Evrópustyrki sem embættið hefur fengið á undanförunum árum.



Vefurinn

Vefurinn www.landlaeknir.is, sem rekinn er undir merkjum Ísland.is, er einn helsti farvegur embættis landlæknis fyrir upplýsingar, fræðslu- og kynningarstarf. Á vefnum má nálgast upplýsingar um öll helstu verkefni embættisins, þar á meðal um [starfsleyfi heilbrigðisstarfsfólks](#), [rekstur heilbrigðisþjónustu](#), [eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu](#), [lýðheilsu, heilsueflingu og forvarnir](#) og [sóttvarnir, smitsjúkdóma og bóluasetningar](#). Þá er vefurinn mikilvæg uppspretta margvíslegrar [tölfræði](#) um heilsufar, sjúkdóma, lyfjanotkun, fæðingar, dánarmein og þá heilbrigðisþjónustu sem veitt er hér á landi. Vefurinn þjónar þannig margþættum tilgangi, fyrir almenning, starfsfólk í heilbrigðisþjónustu og aðra stjórnsýslu.

Um **300 þúsund einstaklingar heimsóttu vef** embættis landlæknis á árinu 2024 í tæplega **350 þúsund heimsóknum**. Aðsóknin dreifðist nokkuð jafnt yfir árið en var þó sýnu mest í febrúar og október. Minnst var aðsóknin yfir sumarmánuðina. Meirihluti notenda nálgast vefinn með snjallsíma og í gegnum Google. Um 85% notenda var staðsettur á Íslandi en næstflestir notendur voru í Bandaríkjunum, Bretlandi og Svíþjóð.

Fréttir og útgefið efni

Embætti landlæknis birti um **160 fréttir** og tilkynningar á árinu 2024. Það samsvarar um það bil 13 fréttum á mánuði eða ríflega þremur fréttum í hverri viku. Allar [fréttir af starfseminni árið 2024](#) má finna á vef. **Mest lesna fréttin** á árinu var birt 22. janúar og fjallaði um [aukningu á Mycoplasma lungnabólgu](#).

Embætti landlæknis gefur árlega út fjölbreytilegt efni, að stærstum hluta á vef. Um er að ræða ýmiss konar kynningarefni, leiðbeiningar, skýrslur, dreifibréf og fréttabréf sem allt er hægt að nálgast í [útgefnu efni](#) á vef.

Erlent samstarf

Embætti landlæknis tekur þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi með alþjóðastofnunum og samtökum á Norðurlöndum, í Evrópu og á heimsvísu. Nánar er fjallað um [erlent samstarf](#) á vef.

Starfsleyfi heilbrigðisstarfsmanna


Gefin voru út **1.168 starfsleyfi** til heilbrigðisstarfsfólks og **190 sérfræðileyfi** á árinu samanborið við 1.083 starfsleyfi og 169 sérfræðileyfi árið 2023. Nýmæli er að nú geta flestir heilbrigðisstarfsmenn sem ljúka námi í íslenskum háskólum **sótt um starfsleyfi rafrænt í gegnum Ísland.is** en **33 starfsleyfi voru afgreidd í sjálfs-afgreiðslu** árið 2024. Stefnt er að því að heilbrigðisstarfsmenn sem ljúka námi í íslenskum framhaldsskólum geti sótt um rafrænt árið 2025.



Á vef embættis landlæknis eru upplýsingar um [fjölda starfsleyfa og sérfræðileyfa](#) í hverri starfsgrein fyrir sig og þar má einnig finna mælaborð yfir mannafla í heilbrigðisþjónustu á Íslandi. [Starfsleyfaskrá](#) embættis landlæknis, sem inniheldur upplýsingar um alla heilbrigðisstarfsmenn með gild starfsleyfi og sérfræðileyfi, er aðgengileg á vef og mikið notuð.

Rekstur heilbrigðisþjónustu

Árið 2024 fjölgaði áfram tilkynningum um [rekstur heilbrigðisþjónustu](#), tilkynningum um breytingar á rekstri, að rekstri væri hætt, svo og umsóknum um heimild til að veita heilbrigðisþjónustu á eigin starfsstofu eftir 75 ára aldur. Nú eru **flestar tilkynningar er varða rekstur orðnar rafrænar** og staðfestingar tengdar rekstri eru allar sendar í pósthólfíð á Ísland.is



Rekja má fjölgun tilkynninga til þess að **breyting varð á sjúklingatryggingum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólks**. Samkvæmt nýjum [lögum um sjúklingatryggingu nr. 47/2024](#) fluttist sjúklingatrygging sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólks frá váttryggingafélögum til Sjúkratrygginga Íslands. Við þessa breytingu á lögum varð rekstraraðilaskrá embættisins samtengd við Sjúkratryggingar Íslands.

[Rekstraraðilaskrá](#) er aðgengileg á vef embættisins. Í henni má finna upplýsingar um sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólk, fyrirtæki og stofnanir í heilbrigðisþjónustu, samkvæmt gildandi lögum og reglugerð. Í skránni eru aðeins þeir sem hafa gilda staðfestingu þess efnis að uppfylla faglegar lágmarkskröfur í heilbrigðisþjónustu.

Eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu

Árið 2024 var annasamt á sviði eftirlits og gæða heilbrigðisþjónustu eins og undanfarin ár. Áhersla var lögð á rannsóknir kvartana en undanfarin ár hafa orðið miklar tafir á rannsóknum vegna fjölgunar kvartana og ónógrar mönnunar. Verulegur árangur náðist. Einnig var sérstök áhersla lögð á rannsókn alvarlegra atvika og tókst að ljúka fleiri rannsóknum en áður eru dæmi um.

Þann 1. september 2024 gengu í gildi [lagaákvæði](#) um breytingar varðandi rannsókn embættis landlæknis á [alvarlegum atvikum](#) sem og [kvörtunum](#). Meðal annars er um að ræða [aukna aðkomu sjúklinga og aðstandenda í rannsókn á alvarlegum atvikum](#), sem og að rannsóknin skuli almennt [ekki taka lengri tíma en sex mánuði](#). Úr gildi féll ákvæði þess efnis að hægt væri að kvarta til landlæknis vegna ótilhlýðilegrar framkomu heilbrigðisstarfsmanna við veitingu heilbrigðisþjónustu. Slíku skal nú beina til yfirstjórnar viðkomandi heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns. Þá varð sú breyting að landlæknir skal við móttöku kvörtunar ákveða „hvort kvörtun sem berst gefi nægar ástæður til rannsóknar og hvort líklegt sé að niðurstöður rannsóknar geti leitt til aukinna gæða og aukins öryggis heilbrigðisþjónustu“. Verði matið það að ekki séu nægar ástæður til rannsóknar og að ekki sé líklegt að niðurstöður rannsóknar geti leitt til aukinna gæða og aukins öryggis heilbrigðisþjónustu verður kvörtun ekki tekin til frekari rannsóknar. Jafnframt getur landlæknir vísað kvörtun frá varði hún atvik sem er eða hefur verið til rannsóknar landlæknis á grundvelli tilkynningar um alvarlegt atvik. Enn fremur varð sú breyting að kvörtun verður almennt ekki tekin til rannsóknar varði hún umkvörtunarefni sem varð fyrir meira en fjórum árum áður en kvörtun var lögð fram. Áður var miðað við tíu ár.

Áætlað var að á árinu yrði stafræn gátt til móttöku kvartana og tilkynninga um alvarleg atvik tekin í notkun en ekki varð að því vegna annarra áriðandi verkefna.

Eftirlit með gæðapróun í heilbrigðisþjónustu

Ein af áherslum árlegrar starfsáætlunar embættis landlæknis er að efla gæði og auka eftirlit með heilbrigðisþjónustu. Mikilvægur liður í því er innleiðing [áætlunar um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019-2030](#) með kynningu, fræðslu og ráðgjöf og var því fram haldið á árinu.

Á árinu voru gerðar [úttektir](#) á heilbrigðisstofnunum og fimm úttektarskýrslur voru birtar.


Fagráð um sjúklingaöryggi

[Fagráðið var endurvakið á árinu](#) og var fyrsti fundur þess haldinn í janúar. Fagráðinu er ætlað að vera embætti landlæknis til ráðgjafar um mál er varða öryggi sjúklinga og eru helstu verkefni fagráðsins að fylgjast með framþróun og áherslum á sviði öryggis sjúklinga, hérlandis og á alþjóðavísu, og hafa yfirsýn yfir stöðu mála hérlandis. Þá er það verkefni fagráðs að undirbúa málþing í tilefni alþjóðlegs dags öryggis sjúklinga sem er 17. september ár hvert.

[Málþing var haldið 17. september](#) og var þar fjallað um mikilvægi þess að notendur heilbrigðisþjónustu fái sjúkdómsgreiningu og að hún sé örugg og rétt. Þetta umræðuefni var í samræmi við þema Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir árið 2024 sem var [“Öruggar sjúkdómsgreiningar”](#). Málþingið þótti takast vel.

Kvartanir vegna heilbrigðisþjónustu

Á árinu fækkaði formlegum [kvörtunum](#) vegna heilbrigðisþjónustu miðað við árið 2023. Hluti skýringar þess er að fleiri kvartanir/erindi hafa reynst falla undir svokallaðar athugasemdir við þjónustu og er því vísað til viðkomandi heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns, til afgreiðslu. **Í lok árs 2024 voru 403 kvartanir óafgreiddar**, samanborið við 418 í lok árs 2023, 393 í lok árs 2022 og 341 í lok árs 2021. Málsmæðferð og rannsókn [kvartana](#) hefur ekki verið nægilega hröð. Það skýrist m.a. af fjölgun umfangsmikilla mála og að starfsfólk sem sinnir þessum málum hefur í auknum mæli orðið að taka að sér önnur mikilvæg verkefni, t.d. er varða tilkynningar um rekstur og eftirlit með ávísun lyfja. **Á árinu 2024 voru gefin út álit landlæknis í 70 kvartanamálum**, samanborið við 37 árið 2023, 59 árið 2022, 138 árið 2021 og 46 árið 2020.



Atvik í heilbrigðisþjónustu

Árið 2024 voru skráð 12.289 óvænt atvik í íslenskri heilbrigðisþjónustu samkvæmt 9. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, samanborið við 11.405 atvik árið 2023. [Með óvæntu atviki](#) er átt við óhappatílvik, mistök, vanrækslu eða önnur atvik sem valdið hafa sjúklingi tjóni eða hefðu getað valdið sjúklingi tjóni. **Algengustu skráð óvænt atvik á heilbrigðisstofnunum á landinu öllu árið 2024 voru byltur/föll, alls 5.611 talsins** (46% skráðra atvika). Önnur algeng skráð atvik tengdust lyfjameðferð, eða samtals 1.797 talsins á landsvísi (15% skráðra atvika).

Heildarfjöldi skráðra óvæntra atvika á öllum heilbrigðisstofnunum 2024


Allar heilbrigðisstofnanir (nema LSH og SAK)	6.199
Landspítali (LSH)	5.689
Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK)	401
Samtals	12.289

Heilbrigðisstofnunum, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum sem veita heilbrigðisþjónustu ber í samræmi við 10. gr. laga um landlækni og lýðheilsu að tilkynna landlækni án tafar um óvænt atvik sem valdið hefur eða hefði getað valdið sjúklingi alvarlegu tjóni, svo sem dauða eða varanlegri örskumlun. Frá 1.

september 2024 getur sjúklingur og/eða nánasti aðstandandi hans einnig tilkynnt til landlæknis um alvarlegt atvik.

Á árinu 2024 barst 51 tilkynning um alvarleg óvænt atvik í heilbrigðisþjónustu en það er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Embætti landlæknis rannsakar þessi mál með það fyrir augum að læra megi af þeim og bæta heilbrigðisþjónustuna. Lögð er áhersla á að tryggja eftir því sem kostur er að sambærileg atvik eigi sér ekki aftur stað.

Til að gagnsemi slíkra rannsókna verði sem mest er brýnt að rannsóknin taki skamman tíma. Verulega hefur skort á að svo sé og nauðsynlegt hefur verið að forgangsraða rannsóknum eftir alvarleika vegna skorts á mannafla. Slíkt er í eðli sínu óásættanlegt enda er hér um að ræða alvarlegustu atvikin í heilbrigðisþjónustunni. Á árinu 2024 var fram haldið sérstöku átaki í rannsókn þessara mála og minni áhersla lögð á önnur verkefni, einkum úttektir á heilbrigðisstofnunum. **Á árinu 2024 lauk rannsókn 65 mála** samanborið við 41 mál 2022, 42 árið 2021 og 46 árið 2020.



Lyfjaávisanaeftirlit

Embætti landlæknis hefur almennt [eftirlit með ávísun lyfja](#) og sérstakt eftirlit með ávísunum lækna og tannlækna á ávana- og fíknilyf, þar með talið ávísun slíkra lyfja til eigin nota. **Alls voru nýskráð 116 mál í málaskrá embættisins árið 2024 sem varða lyfjaávisanaeftirlit** en að auki voru eldri mál til skoðunar. Haldnir voru reglubundnir fundir sérfræðinga sem koma að eftirliti með lyfjaávisunum, þ.e. heilbrigðissérfræðingur, læknir og lyfjafræðingur, alls 40 fundir á árinu 2024. Á þessum fundum voru teknar fyrir ábendingar frá Lyfjastofnun, Sjúkratryggingum, læknum, einstaklingum eða apótekum en einnig mál sem komu til vegna frumkvæðiseftirlits sem byggir á lyfjagagnagrunni embættis landlæknis.


Eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum

Landlæknir hefur [eftirlit með störfum heilbrigðisstarfsmanna](#) og fylgist með að þeir fari að ákvæðum heilbrigðislöggjafar og ákvæðum annarra laga og stjórnvaldsfyrirmæla eftir því sem við á. Tilgangur rannsókna og málsmeðferðar landlæknis í eftirlitsmálum miðar m.a. að því að tryggja gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu. Hafi misbrestur orðið á veitingu slíkrar þjónustu er metið hvort tilefni sé til frekari eftirfylgni, leiðbeininga eða eftirlitsúrræða í samræmi við III. kafla laga um landlækni og lýðheilsu. Viðurlagaúrræðin gagnvart einstökum starfsmönnum geta verið tilmæli um úrbætur, áminning, takmörkun starfsleyfis (t.d. takmörkuð heimild til ávísunar lyfja) og svipting starfsleyfis.

Á árinu 2024 var efnt til **30 eftirlitsmála vegna lyfjaávíisana**.

Eftirlitsmáli getur lokið án viðurlaga eða frekari eftirfylgni teljist ekki forsendur til þeirra að lokinni rannsókn hjá embætti landlæknis. Til dæmis geta upplýsingar reynst rangar eða að ekki sé ástæða til tiltekinna viðurlaga.

Á mynd 3 sést fjöldi eftirlitsmála sem stofnuð voru á árunum 2016-2024, auk þess sem fram kemur hve mörgum málum hvers árs fyrir sig var ólokið í árslok 2024.



Mynd 3. Fjöldi stofnaðra eftirlitsmála, 2016-2024

Á árunum 2016-2024 lauk eftirlitsmálum með eftirfarandi hætti. Hér er vísað til þess árs sem eftirlitsmáli lauk, óháð því hvaða ár það var stofnað.

	Án viðurlaga	Tilmæli	Áminning	Takmörkun starfsleyfis	Svipting starfsleyfis	Samtals
2016	8	7	4	1	3	23
2017	10	1	1	0	1	13
2018	14	2	2	0	0	18
2019	20	3	5	0	0	28
2020	14	2	3	1	4	24
2021	18	11	12	0	5	46
2022	28	10	4	1	3	46
2023	17	16	12	1	1	47
2024	27	42	7	2	8	86

Heilbrigðisupplýsingar


Nýting gagna úr heilbrigðisskrám

Ein af megináherslum í starfsáætlun embættis landlæknis 2023-2024 er að nýta gögn úr [heilbrigðisskrám](#) til ráðgjafa og eftirlits og að styðja við samþykktar vísindarannsóknir með gögnum úr skránum. Gögn úr heilbrigðisskrám eru nýtt í mjög fjölbreyttum tilgangi í starfsemi embættisins og [tölfræði](#) sem byggir á vinnslu þeirra er birt víða, m.a. á vef embættisins og í alþjóðlegum samanburði. Þá eru heilbrigðisskrár nýttar til þess að svara fjölmörgum fyrirspurnum sem berast embættinu á ári hverju. Fyrirspurnir berast frá ýmiss konar stjórnvöldum, fjölmiðlum, vísindasamfélaginu og almenningi og tengjast gjarnan umfangi og þróun tiltekinna sjúkdóma, nýtingu heilbrigðisþjónustu, lyfjanotkun o.fl. Hér á eftir eru nefnd þau verkefni sem voru í forgrunni á árinu 2024.

Þjónusta sjúkrahúsa, heilbrigðisstofnana og heilsugæslu

Samskiptaskrá heilsugæslustöðva og vistunarskrá heilbrigðisstofnana eru tvær af heilbrigðisskrám landlæknis en þær innihalda **rauntímaupplýsingar um samskipti við heilsugæslu og sjúkrahús**. Samskiptaskrá sjálfstætt starfandi sérfræðinga, sem á að innihalda sambærilegar upplýsingar og þær fyrrnefndu, inniheldur hins vegar ekki þekjandi gögn þar sem það hefur verið vandkvæðum bundið að fá gögn frá starfsstöðvum þeirra. Sökum þess er hér eingöngu fjallað um gögn sem berast frá sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum og heilsugæslu.

Frá árinu 2017 hefur fjármögnun heilsugæslustöðva höfuðborgarsvæðisins verið á grundvelli fjármögnunarlíkans sem byggir á mismunandi lýðfræðilegum og heilsufarstengdum þáttum skjólstæðinga stöðvanna og þáttum tengdum gæðum þjónustunnar. Heilsugæsla á landsbyggðinni hefur frá árinu 2021 verið fjármögnuð með sambærilegum hætti. **Hlutverk embættis landlæknis er að reikna út þyngdarstuðul og þarfavísitölu hverrar stöðvar** í gegnum svokallaðan **ACG flokkara** (Adjusted Clinical Group), ásamt tilteknum gæðaviðmiðum. Niðurstöðum útreikninga á stuðlum, vísitölum og gæðaviðmiðum er miðlað til Sjúkratrygginga og heilbrigðisráðuneytisins og kynnt fyrir heilsugæslustöðvum með reglubundum hætti. Auk þess tekur embætti landlæknis þátt í eftirliti með framkvæmdinni ásamt Sjúkratryggingum. Til grundvallar útreikningum liggja gögn úr samskiptaskrá heilsugæslunnar. Á árinu 2024 var lögð áhersla á að straumlínulaga ferla við gagnavinnslu og koma á vöktun á gagnasendingum til að tryggja að gögn skili sér í samskiptaskrá.



Embætti landlæknis hefur frá árinu 2022 séð um [DRG flokkun](#) (Diagnostic Related Groups) vegna framleiðslutengdrar fjármögnunar Landspítala og Sjúkrahúsins á Akureyri. **Verkefni embættisins fela í sér vinnu við DRG flokkun, samskipti við skráningaraðila, gerð leiðbeininga og stuðning við skráningaraðila, auk þátttöku í norrænu samstarfi um þróun DRG (NordDRG).** Gögn vistunarskrár heilbrigðisstofnana eru

nýtt til DRG flokkunar. Árið 2024 var notað til að slípa verklag við rafrænar gagnasendingar frá embættinu til Sjúkratrygginga. Einnig hófst undirbúningur að miðlun DRG tölfraði í sérstöku mælaborði á vef embættisins og vinna við að endurskoða gæðavísa í tengslum við DRG samningana.

Embættið hefur einnig umsjón með [VisualDRG](#) hugbúnaðinum sem er hjálpartæki fyrir þá sem nota DRG. Skráðir notendur að hugbúnaðinum voru 179 árið 2024.

Bið eftir heilbrigðisþjónustu

Á árinu 2024 var tvisvar sinnum kallað eftir upplýsingum um bið eftir **völdum skurðaðgerðum**; í janúar og september. Niðurstöður voru birtar í [mælaborði](#) á vef embættisins. Auk þess voru mánaðarlega uppfærðar upplýsingar um **bið eftir liðskiptaaðgerðum og framkvæmdar aðgerðir** samkvæmt miðlægum biðlista. Á sama tíma hófst samstarf við Sjúkratryggingar í tengslum við útboð stofnunarinnar á **liðskiptaaðgerðum** en nýta þurfti gögn úr miðlægum biðlista til framkvæmdarinnar. Stór hluti af vinnu við biðlista varðaði miðlun upplýsinga vegna útboðs Sjúkratrygginga á liðskiptaaðgerðum. Brýnt er að miðlægir biðlistar verði gerðir aðgengilegir fyrir aðra en embætti landlæknis svo hægt sé að einfalda ferla og bæta þjónustu.

Unnið var að því að endurskoða og auðvelda úrvinnslu gagna úr færni- og heilsumatsskrá um **bið eftir varanlegri vistun á hjúkrunarheimili**. Í kjölfarið var birt tölfraði í endurskoðuðu [gagnvirkum mælaborði](#) á vef embættisins. Mælaborðið er uppfært ársfjórðungslega.


Lyfjanotkun

Gögn úr **lyfjagagnagrunni** embættis landlæknis eru nýtt til að bregðast við fjölmörgum fyrirspurnum frá heilbrigðisráðuneyti, öðrum stofnunum, Alþingi og fjölmiðlum, og hefur eftirspurn eftir sértækri lyfjatölfraði aukist. Á árinu 2024 var unnið markvisst að því að auka aðgengi að upplýsingum [um lyfjanotkun í gegnum mælaborði](#) á vef embættis landlæknis. Þar er nú hægt að skoða þróun í notkun **ópíóíða**, **ADHD lyfja** og **punglyndislyfja** með gagnvirkum hætti, þar sem gögn úr lyfjagagnagrunni embættis landlæknis eru gerð aðgengileg á myndrænan hátt. Mælaborðin eru uppfærð ársfjórðungslega. Þá var lyfjanotkun á Íslandi til umfjöllunar í þremur tölublöðum [Talnabrunns](#) á árinu 2024 þar sem fjallað var um notkun ADHD-lyfja, ópíóíða og punglyndislyfja.

Skimanir fyrir krabbameinum

Tölfraði um þátttöku í brjosta- og leghálsskimunum var birt í nýju [mælaborði](#) á vef embættis landlæknis í apríl 2024. [Ársskýrslur krabbameinsskimana](#) komu út síðar á árinu en í þeim er gerð grein fyrir öllum gæðavísam, niðurstöðum fyrir árið 2023 og þróun á milli ára. [Ársskýrslur](#) hafa verið gefnar út frá árinu 2021.

Embættið hóf þátttöku í **EuCanScreen** á árinu. Verkefninu er m.a. ætlað að auka aðgengi að áætlunum um framkvæmd skimana í Evrópu og innleiða hágæða lýðgrundaðar skimanir fyrir krabbameinum í brjóstum, leghálsi og



ristli um alla Evrópu ásamt því að innleiða ný skimunarverkefni. Auk þess er verkefninu ætlað að auka gæði gagna sem safnað er vegna skimana í Evrópu.

Vinna við nýja **skimunarskrá** hófst á árinu þar sem byrjað var á að gera skráningarkerfi til þess að styðja við **ristilskimanir** sem heilbrigðisyfirvöld hafa ákveðið að verði brátt að veruleika. Í samstarfi við Ríkiskaup var gerð nýja skráningarkerfisins boðin út á grundvelli þarfagreiningar sem unnin var í samvinnu við hagsmunaaðila.

Fæðingar

Fæðingaskrá er ein af heilbrigðisskrám á ábyrgð landlæknis og nær hún aftur til ársins 1972. Skráin nær yfir allar fæðingar á Íslandi. Skráning fór fram á pappír fram til 2006 en hefur síðan verið rafræn. Árið 2021 var tekið upp nýtt rafrænt skráningarkerfi sem nær yfir allt meðgöngu- og fæðingarferlið. Sama ár færðist rekstur og umsýsla skrárinnar til embættis landlæknis en fram að því hafði Landspítali verið vinnsluaðili skrárinnar samkvæmt samningi þar um. Unnið hefur verið að **uppbyggingu nýrrar fæðingaskráar innan embættisins** en í tengslum við breytingar á rafrænu skráningarumhverfi hefur komið í ljós þörf á að leiðrétta hluta eldri gagna og stendur sú vinna enn yfir. Í kjölfarið hefur myndast náið samstarf milli embættis landlæknis og heilbrigðisstarfsfólks á fæðingarstofnunum með það að markmiði að bæta gæði skráninga. Sérstök áhersla er lögð á nákvæma og samræmda skráningu á fæðingarstofnunum og hefur embættið innleitt reglulegt og markvisst eftirlit til að tryggja áreiðanleika gagnanna. Nýjar upplýsingar, sem hafa þýðingu fyrir gæðapróun og eftirlit, eru nú skráðar í fæðingaskrá, m.a. um tæknifrjógvun, reykingar og menntun foreldra. Árið 2024 var birt [ársskýrsla fyrir fæðingar 2022](#) og vinna við útgáfu ársskýrslu fyrir árið 2023 er í gangi.

Skráning slysa

Eitt af verkefnum á starfsáætlun embættisins er **endurskoðun á skráningu slysa og þarfagreining á nýrri miðlægrri slysaskrá**. Undirbúningur hófst vorið 2023 í samvinnu við hagsmunaaðila í heilbrigðisþjónustu. Stefnt var að því að hanna nýtt viðmót til slysaskráningar í heilbrigðisþjónustu og koma því í gagnið á árinu 2024. Auk skráningar á grunnupplýsingum um slysaþola, stendur m.a. til að skrá slysaflokk, tegund iðkunar, vettvang slyss og staðsetningu. Tafir hafa orðið á verkefninu en nú er unnið að því að ákvarða með hvaða hætti skráningin verði stöðluð og er horft til þess að nýta möguleika ICD-11, alþjóðlega flokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála sem væntanlega verður innleitt á Íslandi á næstu árum.

Gögn til vísindarannsókna

Gögn úr gagnagrunnum á ábyrgð landlæknis og sóttvarnalæknis eru m.a. nýtt til vísindarannsókna á heilbrigðissviði. Ísland tekur þátt í norræna verkefninu [Value from Nordic Health Data](#) (VALO), sem hófst í febrúar 2024. Markmið verkefnisins er að **auðvelda aðgang að heilbrigðisgögnum þvert á landamæri** með því að samræma innleiðingu nýrrar evrópulöggjafar um evrópska heilbrigðisgagnasvæðið (European Health Data Space, EHDS) og nota sameiginlega staðla fyrir lýsigögn. [Verkefnið](#) skiptist í þrjá meginhluta.



Ísland leiðir einn af þessum meginhlutum verkefnisins. Í þeim verkhluta hefur verið unnin **heildstæð greining á endurnýtingu heilbrigðisgagna á Norðurlöndunum**, en með endurnýtingu gagna er átt við notkun þeirra í öðrum tilgangi en þeim sem upphaflega var ætlað. Í greiningunni eru dregnir fram helstu styrkleikar Norðurlandanna, áskoranir, ávinningur af auknu samstarfi og tillögur um næstu skref. Til að dýpka skilning á viðfangsefninu hafa jafnframt verið tekin viðtöl við fulltrúa frá fjölbreyttum hópi hagsmunaaðila. Markmið þeirra var að varpa ljósi á væntingar þeirra til evrópska heilbrigðisgagnasvæðisins (EHDS) og hvernig hægt sé að efla samvinnu á milli Norðurlandanna. Út frá niðurstöðum skýrslunnar og viðtölunum er nú unnið að skilgreiningu á hugmyndafræðilegu norrænu líkani sem auðveldar samstarf vegna endurnýtingar heilbrigðisgagna.

Annar hluti verkefnisins snýr að **undirbúningi Norðurlandanna við innleiðingu reglugerðarinnar um evrópska heilbrigðisgagnasvæðið**. Í því skyni hefur verið komið á fót vettvangi þar sem hagsmunaaðilar funda reglulega. Á fundunum koma saman fulltrúar ráðuneyta og annarra viðeigandi opinberra stofnana, með það að markmiði að tryggja samræmda og markvissa innleiðingu evrópsku reglugerðarinnar á Norðurlöndum. Í þessum hluta er einnig virkt samstarf við að samræma lýsigögn á Norðurlöndunum. Ísland hefur einnig verið virkur þátttakandi í þessum hluta verkefnisins.

Þriðji hluti VALO verkefnisins er tilraunaverkefni sem hófst á síðari hluta árs 2024. Þar er áherslan á að **efla þekkingu og færni í vinnslu dreifðra heilbrigðisgagna milli landa**. Unnið er með gögn samkvæmt OMOP heilbrigðisgagnastaðlinum (Observational Medical Outcomes Partnership), sem gerir það að verkum að gögn úr ólíkum kerfum verða samhæfð og samanburðarhæf. Með því að varpa gögnum yfir í OMOP staðalinn verður mögulegt að tengja og greina gögn þvert á landamæri með auðveldari hætti. Verkefnið skilar mikilvægu framlagi til aukins skilnings á dreifðri gagnavinnslu og hvernig staðlaðar aðferðir geta stutt við sameiginlega nýtingu heilbrigðisgagna á Norðurlöndunum.

Endurskoðun lágmarksskráningar í heilbrigðisþjónustu

Samræmd skráning heilbrigðisstarfsfólks er forsenda þess að hægt sé að gera raunhæfan samanburð á þeirri þjónustu sem veitt er í heilbrigðiskerfinu. Gögn í miðlægum heilbrigðisskrám landlæknis eiga oft uppruna í skráningu heilbrigðisstarfsmanna og þess vegna er það eitt af mikilvægum hlutverkum embættisins að skilgreina lágmarksskráningu og stöðlun hennar.

Fyrsta útgáfa sameinaðra **fyrirmæla embættis landlæknis um lágmarksskráningu í heilbrigðisþjónustu** voru staðfest af heilbrigðisráðherra í nóvember 2024. **Hin nýju sameinuðu fyrirmæli** fella úr gildi 2. útgáfu fyrirmæla um lágmarksskráningu samskipta á heilsugæslustöðvum og á læknaðofum sem gefin voru út 2008 sem og 4. útgáfu fyrirmæla um lágmarksskráningu vistunarupplýsinga á sjúkrahúsum frá 2011. Unnið verður að kynningu fyrirmælanna árið 2025.

Vöktun á heilsu, líðan og lifnaðarháttum til stuðnings heilsuefandi starfi

Gögnum um **heilsu og líðan á Íslandi** hefur verið safnað reglubundið frá árinu 2007. Rannsóknin var síðast lögð fyrir árið 2022. Á árinu var gefin út **framkvæmdaskýrsla** rannsóknarinnar, auk þess sem tekið var saman **yfirlit yfir spurningar** í spurningalistum rannsóknarinnar frá upphafi. Þetta yfirlit auðveldar yfirsýn yfir þróun spurningalistanna, hvaða spurningar eru óbreyttar frá upphafi, hverjar hafa breyst, verið teknar út úr listanum, eða komið nýjar inn. Ýmsar greiningar voru unnar úr gögnum rannsóknarinnar á árinu, m.a. vegna

birtingar árlegra [lýðheilsuvísa](#) embættisins og útgáfu [Talnabrunns um heilsu og líðan þolenda kynferðisofbeldis](#). Þá voru gögn úr rannsókninni afhent á árinu til rannsækenda til frekari úrvinnslu vegna fimm vísindarannsókna.



Mánaðarleg vöktun áhrifapátta heilsu

Með mánaðarlegum könnunum fylgist embættið með [heilsuhegðun og líðan fullorðinna](#) á Íslandi og þróun tiltekinna áhrifapátta heilbrigðis og vellíðunar. Á árinu var birt nýtt [gagnvirkt mælaborð](#) sem verður uppfært árlega með völdum niðurstöðum úr gögnunum. Mælaborðið fékk nafnið [Lýðheilsuvaktin](#) og leysti af hólmi eldri birtingu undir sama nafni.

Líkt og fyrri ár voru ýmsar greiningar unnar úr gögnum kannananna, m.a. fyrir lýðheilsuvísa embættisins og umfjallanir í Talnabrunni um [mataræði](#) og [líðan fullorðinna](#).

Lýðheilsuvísar 2024

[Lýðheilsuvísar](#) voru gefnir út og [kynntir í níunda sinn þann 20. september 2024](#) en vísarnir eru valdir mælikvarðar sem gefa vísbendingar um heilsu, lifnaðarhætti og líðan þjóðarinnar. Að þessu sinni fór kynning vísanna fram í [Gjánni í Grindavík](#). Lýðheilsuvísar eru annars vegar birtir í pdf-skjölum og hins vegar í gagnvirku [mælaborði lýðheilsuvísa](#). Þeir hafa frá upphafi verið gefnir út fyrir heilbrigðisumdæmi en árið 2023 voru þeir í fyrsta skipti gefnir út fyrir níu stærstu sveitarfélög landsins. Sú ákvörðun var tekin með það fyrir augum að færa lýðheilsuvísana nær þeim samfélögum sem þeim er ætlað að þjóna og gefa viðkomandi sveitarfélögum færi á að vinna með eigin niðurstöður. Þetta var gert til þess að styðja enn frekar við heilsueflandi starf með viðeigandi gögnum, sem er ein af megináherslunum í starfsáætlun embættisins. Einnig var [mælaborð lýðheilsuvísa](#) þróað enn frekar, en það veitir aðgengi að öllum lýðheilsuvísam sem gefnir hafa verið út frá upphafi, eða frá árinu 2016. Í mælaborðinu má sjá árlegar tölur fyrir heilbrigðisumdæmin sjö og níu stærstu sveitarfélögin.



Í kjölfarið á kynningu lýðheilsuvísa í Grindavík var unnið [minnisblað með mælikvörðum um breytingar á heilsu og líðan Grindvíkinga í tengslum við náttúruhamfarirnar](#) þar. Mælikvarðarnir voru að stórum hluta sóttir í útgefna lýðheilsuvísa en auk þess voru notaðir mælikvarðar úr samskiptaskrá heilsugæslustöðva og lyfjagagnagrunni.

Lykilvísar heilbrigðisþjónustu

[Lykilvísar heilbrigðisþjónustu](#) voru gefnir út í [annað sinn á árinu 2024](#) en markmið með útgáfu þeirra er að hafa á einum stað mælivísa sem gefa vísbendingar um lykilþætti í heilbrigðisþjónustu á Íslandi og samanburð við nágrannalöndin. Til þess að auðvelda aðgengi að lykilvísunum voru þeir birtir í [mælaborði](#) sem annars vegar veitir yfirsýn yfir nýjustu mælingar á öllum vísam og hins vegar þróun hvers vísis fyrir sig nokkur undanfarin ár.

Talnabrunnur

Á árinu komu út 8 tölublöð af [Talnabrunni](#), fréttabréfi landlæknis um heilbrigðisupplýsingar.

Alþjóðasamstarf og alþjóðasamanburður

Hluti af fjölþjóðasamstarfi embættis landlæknis er vinnsla og miðlun heilbrigðistölfræði fyrir Ísland til samanburðar við önnur lönd. Tölfræðinni er miðlað, og hún gerð aðgengileg á vefsíðum stofnana á borð við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina ([WHO](#)), Efnahags- og framfarastofnunina ([OECD](#)), Hagstofu Evrópusambandsins ([EUROSTAT](#)) og Norræna heilbrigðistölfræðiráðið ([NOMESCO](#)). Til grundvallar gagnavinnslu fyrir ofangreinda aðila liggja að jafnaði gögn úr heilbrigðisskrám landlæknis.

Á árinu var hafin þátttaka í Evrópuverkefninu Joint Action on Cardiovascular Diseases and Diabetes ([JACARDI](#)). Sá hluti verkefnisins sem embætti landlæknis tekur þátt í snýr að því að **auka gagnaöflun og bæta gæði og aðgengi að gögnum um hjarta- og æðasjúkdóma og sykursýki**. Afurð verkefnisins, sem lýkur á árinu 2027, verða tvær nýjar heilbrigðisskrár hér á landi, um ofanefnda sjúkdóma.



Þá hófst undirbúningur að þátttöku í **Evrópuverkefni á sviði krabbameinsskimana** (Joint Action on the New EU Cancer Screening Scheme Implementation). Markmið verkefnisins er m.a. að tryggja sjálfbæra framkvæmd krabbameinsskimana, í samræmi við gagnreynt verklag.

Endurskoðun lagaákvæða um heilbrigðisskrár

Á árinu 2023 lauk vinnu við **viðamikla endurskoðun á ákvæði um heilbrigðisskrár** í lögum um landlækni og lýðheilsu. Endurskoðunin var unnin af starfshópi heilbrigðisráðuneytisins sem í sátu fulltrúar embættisins. **Frumvarp um breytingar á lögum þessa efnis var lagt fram tvisvar á árinu 2024**. Reiknað er með að unnt verði að ljúka umfjöllun og afgreiðslu þess á vorþingi 2025. Embætti landlæknis hefur um árabil rekið persónugreinanlegar heilbrigðisskrár um ýmsa þætti heilsufars og heilbrigðisþjónustu sem byggja á [lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007](#). Í ofangreindu frumvarpi er lagt til að heilbrigðisskrár verði nýttar í fjölþættari tilgangi en áður, til að tryggja að til staðar séu aðgengilegar og áreiðanlegar tölfræðiupplýsingar um lýðheilsu við mótun stefnu á sviði heilbrigðismála og þróun heilbrigðisþjónustu.

Í ljósi álits Persónuverndar frá 2020 um skýrar lagaheimildir þótti einnig nauðsynlegt að skýra nánar verkefni landlæknis sem snúa að skipulagningu, rekstri og notkun slíkra skráa, skyldu aðila til að miðla upplýsingum í slíkar skrár og um leið heimild landlæknis til að vinna með persónuupplýsingar að því marki sem nauðsynlegt er.

Með frumvarpinu er einnig brugðist við ábendingum frá veitendum heilbrigðisþjónustu um nauðsyn þess að **tryggja lagastoð fyrir stofnun og rekstri gæðaskráa í heilbrigðisþjónustu**. Með gæðaskrá má bæta meðferð einstaklinga og leggja mat á árangur þeirra.

Lýðheilsa

JA PreventNCD

Í byrjun árs fór Evrópusamstarfsverkefnið Joint Action Prevent Non-Communicable Diseases, [JA PreventNCD](#) af stað. Verkefnið er **eitt stærsta lýðheilsuverkefni** sem heilbrigðisáætlun Evrópusambandsins hefur samfjármagnað til þessa og taka stofnanir frá 25 Evrópulöndum þátt. Meginmarkmiðið er að kortleggja árangursríkar leiðir sem stjórnvöld geta innleitt til að draga úr og koma í veg fyrir ósmittbæra sjúkdóma, eins og krabbamein, sykursýki og hjarta- og æðasjúkdóma. Helstu áhættuþættir þessara sjúkdóma eru óhollt mataræði, reykingar, áfengisnotkun, hreyfingarleysi, einmanaleiki og geðheilbrigðisvandamál.

Embætti landlæknis gegnir stóru hlutverki í verkefninu og leiðir verkþátt um **velsældarhagkerfi**, nálgun sem hefur hlotið athygli og fengið góðar undirtektir á alþjóðavísu. Hluti verkefnisins er árlegt **Velsældarþing** sem haldið var í júní 2024 í Hörpu. Er þingið vettvangur fyrir umræður og samstarf milli stjórn mála, atvinnulífs, fræðasamfélags og sérfræðinga um uppbyggingu velsældarhagkerfis, þar sem áherslan er lögð á félagslega og umhverfislega þætti auk hinna efnahagslegu við mat á velsæld og lífsgæðum. Á þinginu kom fram skýr þörf á að endurskilgreina samfélagslegan árangur og samræma stjórnsýslu með velsæld að meginmarkmiði og **forgangsraða í þágu jafnræðis til heilsu**. Þessi vinna er hluti af verkþætti um heilsu í allar stefnur sem embættið leiðir í samstarfi við systurstofnun í Finnlandi, THL (Finnish Institute for Health and Welfare). Sú vinna felur m.a. í sér greiningu á gögnum sem snúa að heilsu í allar stefnur. Þá er áhersla á lýðheilsumat, hvernig hægt er að styrkja það innan þátttökulanda sem og stöðu heilsu í umhverfis- og jafnréttismati.



VELSÆLDARÞING

Þá leiðir embættið vinnu um samskipti og miðlun fyrir verkefnið í heild. Sú vinna felur m.a. í sér að halda úti **vefsíðu** og samfélagsmiðlum verkefnisins, greiningu helstu hagaðila, efla þátttakendur í samskiptum og miðlun og koma afurðum verkefnisins á framfæri til viðeigandi aðila.

Heilsueflandi samfélög, skólar, vinnustaðir og efri ár

Heilsueflandi samfélag

Í lok árs 2024 bjuggu um **96,2% landsmanna** í [Heilsueflandi samfélagi](#) (HSAM) og bættust tvö sveitarfélög í hóp þeirra sem undirbúa þátttöku.

Vinnustofa HSAM tengiliða var haldin á Hvolsvelli í mars. Liður í henni var kynning og þjálfun í notkun [Place standard tool](#) sem til stendur að þýða og aðlaga fyrir Ísland. Önnur viðfangsefni voru loftslagsmál og aðlögun sveitarfélaga, heilsuefling eldra fólks og farsæld barna. Starf og tengslanet HSAM er landsnet fyrir *WHO Healthy Cities* á Íslandi og er embættið samhæfingaraðili fyrir það starf á landsvísu. Í því felst samvinna við norrænu landsnetin og í september héldu þau sameiginlegan fjarfund um velsældarhagkerfi.



Velliðan
- fyrir öll

HSAM tók þátt í undirbúningi forviðburðar og dagskrárliðar um velsældarhagkerfi í borgum og sveitarfélögum á Velsældarþinginu í júní.

Heilsueflandi leikskólar

Í lok árs 2024 voru **106 leikskólar** skráðir í [Heilsueflandi leikskóla](#), eða um 40% leikskóla á landinu. Á haustönn voru haldnir þrír rafrænir fræðslufundir sem voru vel sóttir. Þeir voru um næringu, hreyfingu og geðrækt í leikskóla. Að auki var nýr gátlisti um hlutverk leikskóla í vinnu við farsæld útbúnir í samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu og þeir kynntir fyrir leikskólunum.

Heilsueflandi grunnskóli

Í lok árs 2024 voru **123 grunnskólar** skráðir til þátttöku í [Heilsueflandi grunnskóla](#) eða um 70% allra grunnskóla á landinu. Þeim skólum sem taka þátt var boðið upp á stuðning og kynningar. Haldnir voru fjarfundir með ýmsum heilsueflandi áherslum á árinu auk fjölmargra kynninga fyrir kennaranema og fagaðila í skólum, innlenda sem erlenda. Á árinu var kynntur nýr gátlisti um farsæld sem þróaður var í samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu. Lokið var við uppfærslu á öðrum gátlistum.



Ráðstefna í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands var haldin í janúar undir yfirskriftinni „[Menntun og farsæld í skóla- og frístundastarfi](#)“. Þar var meðal annars kynnt **nýtt diplóma nám á meistarastigi í félags- og tilfinningafærni**.

Unnið var áfram að **SHE4AHA Erasmus+** verkefni (2022-2025). Verkefnið hefur verið unnið í samstarfi við fjögur Evrópulönd en þrír íslenskir tilraunaskólar taka þátt. Verkefnið felst í því að einfalda stuðningsefni og prófa það með skólunum þar sem gátlistar heilsueflandi grunnskóla voru m.a. þýddir yfir á ensku. Samhliða þessu var unnið að öðru Erasmus+ verkefni (2023-2025) þar sem afurðin verður leiðbeiningar um heilsulæsi fyrir grunnskóla.

Heilsueflandi framhaldsskólar

Allir **30 hefðbundnu framhaldsskólar** landsins eru þátttakendur í [Heilsueflandi framhaldsskóla](#) eins og undanfarin ár. Haldin var kynning fyrir forvarnarfulltrúa í framhaldsskólum í byrjun árs. Boðið var upp á fjarfundi þar sem rædd voru ýmis málafni, m.a. nikótín, orkudrykkir, skólaskemmtanir og líðan ungmenna. Forvarnardagurinn var kynntur með fjarfundi en einnig var boðið upp á nokkra fjarfundi um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi. Þar var m.a. fjallað um áhrif kláms á börn, Sjúkt spjall Stígamóta og kynning á námskeiðum og kennarahandbók. Unnið var áfram með Barna- og fjölskyldustofu í að fylgja eftir vinnu framhaldsskóla í tengslum við gátlista um farsæld barna.

Heilsueflandi vinnustaðir

Í lok árs 2024 voru **263 vinnustaðir** skráðir til þátttöku í [Heilsueflandi vinnustað](#). Á árinu vann teymi heilsueflandi vinnustaða (embætti landlæknis, Vinnueftirlitið og VIRK) að því að uppfæra viðmið og gátlista verkefnisins. Reglulega voru sendar upplýsingar til skráðra vinnustaða, þar á meðal fræðsluefni, tilvísanir í stuðningsefni á vefsíðunni vinnustadir.heilsueflandi.is og ábendingar um heilsueflandi viðburði. Kynningarefni og ráðgjöf var veitt, bæði til áhugasamra og skráðra vinnustaða, auk þess sem verkefnið í heild sinni og þróun þess var kynnt í ýmsum fræðsluerindum. Í september var haldinn opinn morgunfundur

undir yfirskriftinni „[Er allt í gulu á þínum vinnustað?](#)“. Þar var m.a. fjallað um gátlista heilsueflandi vinnustaða með áherslu á geðrækt, vinnuvernd og velliðan í vinnu.

Heilsuefling á efri árum

Til að bæta upplýsingagjöf um alhliða heilsueflingu á efri árum, hefur starfshópur á vegum [Gott að eldast](#) unnið að því að uppfæra upplýsingar á vefsíðunni [Að eldast](#). Á árinu 2024 hefur sérstök áhersla verið lögð á að hvetja ábyrgðaraðila í hverju sveitarfélagi til að birta uppfærðar upplýsingar um [hreyfiúrræði í sínu sveitarfélagi](#). Í nóvember var haldið [málþing](#) í samvinnu við [Bjartan lífsstíl](#) um heilsueflingu 60+ í Borgarbyggð. Einnig var áfram unnið að heilsueflingu á efri árum í gegnum starf Heilsueflandi samfélags.

Hreyfing

Snemma árs 2024 voru gefnar út endurskoðaðar [ráðleggingar um hreyfingu og takmörkun kyrrsetu](#). [Kynning á þessum ráðleggingum](#) fór fram í febrúar, samhliða upphafi Lífshlaupsins, og í kjölfarið var efni ráðlegginganna kynnt víða, meðal annars á [samfélagsmiðlum](#) og á [Heilsuveru](#). Sem hluti af þátttöku embættis landlæknis í [JA PreventNCD](#), hófst skipulagning á umfangsmikilli rannsókn þar sem safna á hlutlægum gögnum með hreyfímælum um hreyfingu, kyrrsetu og svefn fullorðinna á landsvísi. Í ágúst var haldið málþing á netinu í samstarfi við norrænan [hóp um hreyfingu á vegum norrænu ráðherranefndarinnar](#). Þar komu saman sérfræðingar frá hverju landi til að ræða reynslu og helstu áskoranir við innleiðingu Hreyfiseðils og notkun hreyfingar sem meðferðarúrræðis í heilbrigðiskerfinu. Á árinu var áfram beitt heilsueflandi nágunum til að vekja athygli á mikilvægi hreyfingar og mikilvægi þess að takmarka kyrrsetu.

>> FÖTLUB BÖRN OG UNGMENN

Ráðleggingar um hreyfingu og takmörkun kyrrsetu

Fötluð börn og ungmenni eru fjölbreyttur hópur með ólíka færni. Með reglulegri hreyfingu við hæfi má til dæmis efla hreyfi- og félagsþroska og almennt auka færni og lífsgæði.

Hreyfing hefur fjölbætt gildi fyrir heilsiu og líðan barna og ungmenna, þar með talið þeirra sem eru með langvarandi líkamlega eða andlega skerðingu eða skerta skynjun, meðal annars:

- Bæti andleg heilsu og líðan m.a. meiri orku og betri hlið.
- Bætt hugan geta hjá þeim sem eru með sjúkdóma eða raðkanir sem skerða síka getu.
- Bæti starfarn færni m.a. auðveldara að sinna daglegum athöfnum.
- Bæti líkamshreyfni m.a. betri afkastageta lungna, hjerta- og andkerfis og vöðva.
- Bæti hjarta- og efnaskiptaheilsu m.a. jafnað blóð í blóðkyr, blóðþrýgning og blóðflur.
- Bæti beinheilsu m.a. meiri beinmassi og beinstyrkur.
- Heilbrigðara haldfarir m.a. bætta hálftal vöðva og líkamslíðu.

RÁÐLAGT ER:

Öll börn og ungmenni með langvarandi líkamlega eða andlega skerðingu eða skerta skynjun ættu að hreyfa sig reglulega

Í minnst 60 mínútur á dag að meðaltali yfir vikuna ætti hreyfingin að vera röskleg til kröftug

Hér er átt við hreyfingu af miðlungu til mikilli ákæði sem einkur líkamlegt og andlegt hreyfing eða hreyfing af vera könnuð. Dæmi eru að dansa, dansa, hliða, þessa, hliða, hliða og þessa og þessa.

Minnst 3 daga vikunnar ætti að stunda kröftuga hreyfingu sem eykur þol og einnig hreyfingu sem styrkir vöðva og bein

Hér er átt við hreyfingu af mikilli ákæði sem einkur líkamlegt, hliða, hliða, hliða og hliða. Dæmi eru að dansa, dansa, hliða, hliða, hliða og hliða.

Geðrækt

Embættið leiðir vinnu við [geðheilsu í allar stefnur](#) (Mental Health in All Policies) í [JA PreventNCD](#). Þar er áhersla m.a. lögð á að kortleggja hlutverk mismunandi geira og stöðu þeirra í efningu geðheilsu, þróa viðmið fyrir stefnumótendur til að meta geðræktarinnngrip og að skoða kerfislæga fordóma í garð fólks með geðraskanir.

Þá hófst [Mental Health Together](#) (MENTOR) haustið 2024 sem er umfangsmikið samvinnuverkefni á vegum heilbrigðisáætlunar Evrópusambandsins. Embættið tekur þátt í nokkrum þáttum verkefnisins sem snúa að geðheilsu í allar stefnur og leiðir vinnupakka um [stafrænar lausnir á sviði geðræktar](#). Þar er byggt á reynslu Íslendinga við að vinna að geðrækt í gegnum heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla, vinnustaði og samfélög. Landspítali og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins taka einnig þátt í verkefninu í samstarfi við embættið.

Í tengslum við MENTOR verkefnið var gert samkomulag um að gefa út smáforritið [HappApp](#) sem er íslenskt [geðræktarapp með gagnreyndum æfingum til að auka andlega heilsu og velliðan](#). Smáforritið verður þróað frekar en fyrsta útgáfa er tilbúin á bæði íslensku og ensku.

Embættið er virkur þátttakandi í norrænum vinnuhópi um geðheilsu (Nordic network on mental health) og sendi fulltrúa til Svíþjóðar á fund hópsins árið 2024. Áherslan var að þessu sinni á líðan ungmenna en einnig var áherslum síðustu ára um sjálfsvígisforvarnir og þátttöku notenda í geðheilbrigðisþjónustu fylgt eftir.

Embætti landlæknis tók virkan þátt í áframhaldandi norrænu samstarfi um geðheilsu ungra barna til að fylgja eftir formennskuverkefni Íslands í norrænu ráðherranefndinni frá 2019-2022. Embættið leiddi verkefnið fyrir Íslands hönd undir heitinu **Fyrstu 1000 dagar barnsins á Norðurlöndunum** og hefur norræna samstarfið fengið endurnýjað umboð frá Norrænu ráðherranefndinni til að fylgja eftir niðurstöðum með [Norrænu tengslaneti](#). Komið hefur verið á fót innlendum faghópi til að styðja við samstarfið sem embætti landlæknis leiðir.

Embættið hefur á undanföllum árum unnið að þýðingu og þróun námsefnis um félags- og tilfinningafærni fyrir unglinga í samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og fleiri aðila. Efnið hefur verið prófað við kennslu undanfarin tvö skólaár en ráðgert er að það verði tilbúið til útgáfu og aðgengilegt fyrir skóla landsins haustið 2025.

Sjálfsvígisforvarnir

Lífsbrú – miðstöð sjálfsvígisforvarna var formlega opnuð í janúar 2024. Markmið Lífsbrúar er að vinna að samþykktri sjálfsvígisforvarnaráætlun stjórnvalda. Unnin var tillaga að nýrri [aðgerðaráætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi 2025–2030](#). Áætlunin felur í sér 26 aðgerðir.

[Gulur september](#) er stórt samvinnuverkefni stofnana og félagasamtaka sem felur í sér **vitundarvakningu um mikilvægi geðheilbrigðis og sjálfsvígisforvarna**. Fjöldi viðburða var haldinn í tengslum við átakið; gulur dagur, fræðsluerindi, geðræktargöngur, sögugangan Gulu sporin, kyrrðarstundir, gular messur, þrjónakaffi og málþing. Verkefnastjórnun verkefnisins er hjá Lífsbrú – miðstöð sjálfsvígisforvarna hjá embætti landlæknis.

Í samvinnu Lífsbrúar og Blaðamannafélags Íslands kom Dr. Thomas Niederkrotenthaler, prófessor við Háskólann í Vín til landsins í Gulum september. Hann kynnti þar [nýjan leiðarvísi frá WHO um umfjöllun fjölmiðla](#) og flutti fyrir blaðamenn fyrirlesturinn „[Media and suicide – from Werther to Papageno effects](#)“.

Undir merkjum Lífsbrúar – miðstöðvar sjálfsvígisforvarna og heilsueflandi framhaldsskóla bauð embætti landlæknis upp á fræðsluerindi með sálfræðingnum Dr. Craig Bryan um sjálfsvígisforvarnir ungs fólks. Erindið var einkum ætlað starfsfólki í stoðþjónustu framhaldsskóla og var lögð áhersla á hagnýta þekkingu út frá nýjustu rannsóknum á sviði sjálfsvígisforvarna.

Lífsbrú – miðstöð sjálfsvígisforvarna stóð einnig fyrir fræðsluerindi í samvinnu við Þjóðkirkjuna þar sem geðhjúkrunarfræðingurinn Andrea Walraven – Thissen fræddi sálgæta, presta og djákna um viðbrögð á vettvangi eftir sjálfsvíg. Lífsbrú – miðstöð sjálfsvígisforvarna veitti í fyrsta sinn [viðurkenningu](#) til einstaklings og liðsheildar sem veitt hafa sjálfsvígisforvörnum lið. Það var sál-



fræðingurinn og rithöfundurinn **Wilhelm Norðfjörð** sem fékk verðlaunin fyrir sín störf til málaflokksins í flokki einstaklinga og **Píeta samtökin** í flokki liðsheilda. Sjá nánar í [Ársskýrslu um sjálfsvígsvörvarnir 2024](#).

Tóbaks-, áfengis- og vímuvarnir

Vinna við **kortlagningu stefna og laga um áfengi og nikótínvörur** hófst á árinu sem hluti af verkþætti í [JA PreventNCD](#). Vinnan miðar að því að skoða mun á milli landa við innleiðingu á stjórnvaldsaðgerðum til að draga úr skaða tengdum áfengi og nikótínvörum. Þá er unnið að þróun mælikvarða sem segja til um áhrif aðgerðanna. Hluti af þessari vinnu er einnig kortlagning á hagaðilum, sölufyrirkomulagi og framfylgd laga innan þátttökulandanna.

Fulltrúi embættis landlæknis tók þátt í vinnu við að **uppfæra heildarstefnu í áfengis- og vímuvörnum**. Stefnan tekur til forvarna, meðferðarúrræða, eftirfylgni meðferða, endurhæfingar og lagaumhverfis, og hefur að leiðarljósi gagnreynda þekkingu og alþjóðlega staðla. Við þróun stefnunnar var lögð áhersla á þarfir mismunandi hópa, svo sem ungmenna, kvenna, aldraðra, hinsegin fólks og einstaklinga með langvinnan fíknivanda.

Í tóbaksvörnum bar hæst vinna við [verkefni sem hafði það að markmiði að vekja athygli á neikvæðum hliðum nikótínnotkunar og hversu ávanabindandi hún getur verið](#). Unnin voru myndbönd þar sem persónan **Nikki** birtist sem ávaninn holdi klæddur. Hann er alltaf til staðar og alveg eins og ávaninn verður hann plássfrekur og þreytandi fyrir þann sem er orðinn háður nikótíni. Hluti af verkefninu er vefsíðan www.otholandi.is, sem inniheldur efni fyrir bæði fullorðna og ungmenni, þar sem algengum mýtum um nikótín er svarað og veittar upplýsingar um staðreyndir nikótínnotkunar á Íslandi.



Næring

Endurskoðun á íslenskum ráðleggingum um mataræði og næringarefni hófst í byrjun árs 2024. Skipaður var [ráðgefandi faghópur](#) sem vann að endurskoðuninni sem byggir á [Norraenum næringarráðleggingum](#) (NNR) sem komu út árið 2023 og taka jafnframt mið af mataræði landsmanna. Nýjustu upplýsingum um [mataræði fullorðinna](#) var safnað á árunum 2019-2021. Birt voru [viðmiðunargildi fyrir orku og næringarefni](#) í byrjun júlí 2024. Drög að ráðleggingum um mataræði voru kynnt fyrir ýmsum hagaðilum um miðjan nóvember og gefnar út í mars 2025.

Starfshópur heilbrigðisráðherra um stefnumarkandi áherslur í forvörnum, heilsueflingu og meðferð var skipaður á árinu. Formaður hópsins var sviðstjóri lýðheilsu hjá embætti landlæknis og var vinnunni stýrt

þaðan. **Tillögum að aðgerðum varðandi offitu, holdafar, heilsu og líðan** var skilað í [skýrslu til ráðherra](#) í byrjun febrúar 2024 og var haldinn skilanevndarfundur síðar í mánuðinum.

Rannsókn á joðhag tveggja ára barna hófst um miðjan júní og stendur enn. Þetta er samstarfsverkefni embættis landlæknis, Háskóla Íslands, Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Níu heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu taka þátt í rannsókninni auk heilsugæslunnar á Akranesi. Rétt þótti að **kanna joðhag tveggja ára barna** áður en lagt yrði til við brauðframleiðendur að nota **joðbætt salt við brauðgerð** til að bæta joðhag landsmanna en tryggja þarf að viðkvæmir hópar eins og ung börn hljóti ekki skaða af slíkri aðgerð.

Embætti landlæknis átti fulltrúa í **samráðshópi um krabbamein** sem skipaður var með það að markmiði að gera tillögur að aðgerðaáætlun til ársins 2030. Hópurinn skilaði [skýrslu](#) til heilbrigðisráðherra 20. júní 2024.

Þátttaka í norræna vinnuhópnum **Nordic Diet Network** (NDN) hélt áfram 2024. Um er að ræða samstarf milli viðeigandi stofnana á Norðurlöndunum sem bera ábyrgð á þróun og innleiðingu á ráðleggingum um mataræði í hverju landi. Byggt er á NNR2023 við að þróa og innleiða leiðbeiningar um mataræði.

Embættið tók þátt í könnun þar sem kannað var **hvað hefur áhrif á stærð matarskammta** og stefnur tengdar þeim. Markmiðið er að þróa stefnu og inngrip sem stuðla að minni skammtastærðum. Einnig var safnað upplýsingum um stöðu mála varðandi opinber innkaup matvæla hér á landi en markmiðið er að vinna leiðbeiningar um holl og sjálfbær opinber matvælainnkaup. Þetta var hluti af þátttöku embættisins í [JA PreventNCD](#).

Norræn vöktun á mataræði, hreyfingu, holdafari, tóbaks- og áfengisnotkun (fullorðinna og barna) fór fram í mars-apríl 2024 og sá Gallup um gagnasöfnun hér á landi.

Ofbeldisforvarnir

Embætti landlæknis á fulltrúa í stýrihópi sem fylgir eftir aðgerðum úr [þingsályktun](#) um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Embættið er auk þess með áheyrnarfulltrúa á fundum mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs Reykjavíkur sem einbeittir sér að umfjöllun um ofbeldisforvarnir og tekur þátt í ýmsu starfi stjórnarráðsins er þeim tengjast. Þá svaraði embættið spurningalista WHO á árinu fyrir hönd Íslands um börn og ofbeldisforvarnir.

Svefn

Skilaboðum um [mikilvægi svefns](#) var komið á framfæri á samfélagsmiðlum og heilræði til að viðhalda góðum svefni voru birt í tengslum við [alþjóðlegan dag svefns 15. mars](#). Einnig var áfram unnið að því að vekja athygli á mikilvægi svefns í gegnum heilsueflandi nálganir og í gegnum önnur verkefni og samstarfsaðila.

Forvarnardagurinn

Forvarnardagurinn var haldinn í 19. sinn þann 2. október 2024 og í tilefni þess var haldið málþing í Ingunnarskóla með yfirskriftinni „[Hugum að verndandi þáttum og vellíðan í lífi barna og ungmenna með kærleik](#).“ Viðburðurir tengdir [Forvarnardeginum](#) voru í mörgum grunn- og framhaldsskólum landsins í októbermánuði en embættið sér skólum fyrir kennsluefni til að vinna með í tengslum við daginn. Áfram var lögð áhersla á vellíðan í skólastarfi. Embætti forseta Íslands er einn af helstu samstarfsaðilum Forvarnardagsins en nýkjörinn forseti, Halla Tómasdóttir, kom að deginum í fyrsta skipti. Í tengslum við daginn gafst nemendum í 9. bekk í grunnskólum landsins og á fyrsta ári í framhaldsskóla tækifæri til að taka þátt í verðlaunaleik. Leikurinn fól í sér að skila inn kynningarefni sem tengdist þema dagsins, sem árið 2024 voru leikir sem stuðla að samveru fjölskyldu og vina. [Verðlaunaafhenging í leiknum fór fram á Bessastöðum](#) þar sem mættu auk vinningshafa og forráðamanna, allir þeir aðilar sem standa að deginum.



Samfélagsáherslur sem hafa verið í þróun síðustu ár í tenglum við Forvarnardaginn komu vel fram í októbermánuði sem endaði með málþingi 31. október, undir yfirskriftinni „[Við kunnum þetta - Öryggi og vellíðan fyrir öll börn og ungmenni með samræmdum samfélagsaðgerðum frá þingi til þorps](#)“.

Heilsulæsi

Mikilvægur hluti af þátttöku embættis landlæknis í [JA PreventNCD](#) er þátttaka í vinnu við heilsulæsi. Undirbúningur fyrir þátttöku Íslands í M-POHL (WHO Action Network on Measuring Population and Organizational Health Literacy) hófst á árinu. Í fyrsta skipti verður **staða heilsulæsis meðal almennings mæld** hér á landi. Einnig var unnið að undirbúningi tilraunaverkefnis þar sem heilsulæsi í skólum verður mælt með innngripi og er áætluð framkvæmd skólaárið 2025-2026.

Loftslagsmál

Starfsfólk lýðheilsusviðs tók þátt í ýmsu starfi á sviði loftslagsmála, m.a. mótun aðgerða fyrir [Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum](#). Þá var unnið að undirbúningi styrkumsóknar fyrir IceNAP (LIFE CLIMA SIP) í tengslum við innleiðingu aðlögunaráætlunar Íslands vegna loftslagsbreytinga. Unnið var að fjölgun lýðheilsuvísa með tilliti til loftslagsmála og tekið þátt í undirbúningi að stofnun [Loftslagsseturs](#). Loftslagsmál eru að sjálfsögðu hluti af heilsueflandi umhverfi og voru m.a. sérstakt viðfangsefni á vinnustofu tengiliða Heilsueflandi samfélags í mars.

Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna

Yfirlit um meginhlutverk [Miðstöðvar rafrænna heilbrigðislausna](#) er að finna á vef embættis landlæknis. Starfsfólk sviðsins sinnir margvíslegum verkefnum en hér er fjallað um nokkur þeirra. Auk þess tekur starfsfólk sviðsins þátt í alþjóðlegu samstarfi.

Heilsan mín á MyHealth@EU

Embætti landlæknis er þátttakandi í verkefni styrktu af Evrópusambandinu um [stafræna miðlun á sjúkraskrárupplýsingum á milli landa](#) innan evrópska efnahagssvæðisins. Markmiðið er að stuðla að betri og öruggari heilbrigðisþjónustu í Evrópu.

Á árinu var [landstengigátt](#), sem tengist samskiptagátt Evrópusambandsins, þróuð fyrir miðlun á yfirliti heilsufarsupplýsinga úr sjúkraskrá á milli Evrópulanda. Embætti landlæknis bæði á og rekur þessa öruggu tengigátt.

Yfirlit heilsufarsupplýsinga hefur verið þróað á stafrænu formi en þarna er um að ræða safn helstu gagna um heilsufar einstaklings. Yfirlitið inniheldur meðal annars upplýsingar um sjúkdómsgreiningar, ofnæmi, núverandi lyfjanotkun, bólusetningar, ígræði, nýlegar skurðaðgerðir og meðgöngu. Yfirlitið tryggir að heilbrigðisstarfsmaður sem sinnir sjúklingi utan heimalands hafi öruggan aðgang að réttum og mikilvægum sjúkraskrárupplýsingum um sjúkling, að því gefnu að sjúklingur hafi undirritað samþykki fyrir deilingu sinna heilbrigðisgagna. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á vef [embættis landlæknis](#).



My health @ EU
eHealth Digital Service Infrastructure
A service provided by the European Union

Til viðbótar er unnið að því að gera [miðlun rafrænna lyfjaávísana](#) mögulega á milli Evrópulanda. Er þjónustan til að taka við erlendum lyfseðlum og afgreiða úr apóteki hérlandis langt komin og verður væntanlega innleidd haustið 2025.

Með verkefninu er brotið blað í heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, en öruggur aðgangur heilbrigðisstarfsfólks að heilsufarsupplýsingum sjúklinga stuðlar að betri samfelli í þjónustu, öryggi og gæðum í meðferð sjúklinga yfir landamæri. Þar að auki munu sjúklingar fá aðgang að eigin heilsufarsyfirliti í Heilsuveru.

Ígræði

Ígræði (implant) fellur undir samantekt heilsufarsupplýsinga og því þarf [rafræn skráning á ígræði](#) sjúklinga að vera fyrir hendi. Þróun á miðlægrri lausn til skráningar á ígræði hefur gengið vel og verður tilbúin til notkunar í raunumhverfi sumarið 2025.

Miðlægt Snjóskorn

Sjálfkrafa miðlun upplýsinga um [bráðaofnæmi, smitgát og meðferðarmarkmið](#), sem skráð er í svokallað Snjóskorn Sögukerfisins, var gerð möguleg á milli heilbrigðisstofnana í Söguútgáfu 2023:2.

Áfram var unnið að undirbúningi þess að koma gögnum úr Snjókorni Sögukerfisins yfir í miðlægan gagnagrunn. Tilgangurinn er að hægt verði að miðla öllum skráðum upplýsingum Snjókornsins til heilbrigðisstarfsfólks sem sinnir sjúklingum, óháð því hvaða sjúkraskrárkerfi það notar. Lagabreytingar sem heimila embætti landlæknis að setja upp og reka slíkan gagnagrunn voru samþykktar af Alþingi í júlí 2024. Helsti flöskuhálsinn hefur verið að núverandi skráning er ókóðuð og þarf að koma skráðum upplýsingum af texta formi og yfir í kóðuð form. Til stendur að innleiða nýja skráningu Snjókorns haustið 2025.

Rekstur upplýsingakerfa

Á árinu 2024 var áfram unnið að uppfærslu á gömlum kerfum og búnaði. Undirbúningsvinna fór fram vegna áætlana um að flytja hýsingu Sögu-kerfa heilsugæslu til hýsingaraðila og er rekstrarumhverfi tilbúið hjá rekstraraðila. Að öðru leyti snérist rekstur upplýsingakerfa hjá embættinu mest um daglegan rekstur, þjónustu við starfsfólk og aðra.

Öryggismál embættisins

Á árinu var unnið að **ISO 27001 vottun** fyrir embættið og er vonast til að þeirri vottun verði náð á næsta ári.

Nauðsynlegir innviðir stofnana (NIS)

Embætti landlæknis fer með **eftirlit með net- og upplýsingakerfum heilbrigðisþjónustunnar** en NIS tilskipunin tók gildi árið 2020. Hluti af eftirlitinu er sjálfsmat stofnananna sjálfra og var fyrsta umferð af NIS sjálfsmatinu send út síðla árs 2024. Úrvinnsla og greining á svörum fer síðan fram á árinu 2025 og í framhaldi verður farið í úttektir og eftirfylgd úr sjálfsmatinu.

Gæða- og öryggishandbók

Grunnvinnu við að uppfæra gæða- og öryggishandbók embættisins hófst á árinu og er stefnt að því að sú vinna fari á fullt haustið 2025.

Heilsuvera – Míнар síður

Heilsuvera er öruggt vefsvæði þar sem landsmenn, 16 ára og eldri, hafa aðgang að sínum heilbrigðisupplýsingum. Hægt er að eiga örugg samskipti við heilbrigðisstarfsfólk, bóka tíma hjá heimilislækni, sækja um endurnýjun lyfseðla, gefa umboð til að sækja lyf í apótek, hafa yfirlit yfir tíma í heilsugæslu og legur á sjúkrahúsi, hafa yfirlit yfir sína krabbameinsmeðferð auk fleiri þátta. Foreldrar hafa aðgang að upplýsingum sinna barna til 16 ára aldurs. Embætti landlæknis hefur unnið að því á árinu að **færa mínar síður á Heilsuveru yfir á Ísland.is**.




Umsýslumboð – Aðgengi að rafrænni heilbrigðisþjónustu

Embætti landlæknis vinnur að verkefni sem snýr að **aðgengi allra að rafrænni heilbrigðisþjónustu** og rafrænum gáttum að beiðni heilbrigðisráðuneytisins. Er verkefnið unnið í samstarfi hagsmunaaðila þvert á ráðuneyti.

Í september 2024 tóku gildi lög um breytingu á lögum um sjúkraskrár (nr. 55/2009). Kveður breytingin á um heimild sérfræðilækna til að veita rafrænt umsýslumboð til þriðja aðila fyrir hönd einstaklinga sem af vitsmunalegum, geðrænum og/eða líkamlegum ástæðum geta ekki nýtt rafræn skilríki til innskráningar og/eða auðkenningar inn í rafræna heilbrigðisþjónustu. Sérstök áhersla er lögð á að **tryggja aðgengi forsjáraðila að Heilsuveru barna á aldrinum 16–18 ára** sem ekki geta séð um sín mál sjálf. Heilbrigðisráðuneytið hefur umsjón með forgangsröðun varðandi útfærslu og innleiðingu laganna.


Tölfræði Heilsuveru

Notkun Heilsuveru jókst á árinu og voru innskráningar rúmlega 5 milljónir sem er 8.2% aukning frá fyrra ári. Notkun Heilsuveru hefur aukist jafnt og þétt frá innleiðingu hennar. Á mynd 4 má sjá aukningu í notkun Heilsuveru í hverri COVID-19 bylgju og ber hæst í síðustu bylgjunni, snemma árs 2022.




Mynd 4. Fjöldi innskráninga í Heilsuveru á mánuði 2018-2024

Einstaklingum sem notuðu Heilsuveru fjölgaði einnig á árinu um 6,5% miðað við fyrra ár. Notendur Heilsuveru voru tæplega 264.000 á árinu 2024 en tæplega 248.000 árið 2023 (mynd 5). Ef horft er til allra íbúa landsins, 16 ára og eldri, notuðu 85,5% landsmanna Heilsuveru á árinu 2024. Um er að ræða 5,5% aukningu frá fyrra ári.




Mynd 5. Heildarfjöldi einstaklinga sem notaði Heilsuveru árin 2016-2024

Fyrir heimsfaraldur COVID-19 voru konur mikill meirihluti notenda en kynjahlutföll jöfnuðust í heimsfaraldrinum. Áfram var notkunin mest í aldurshópnum 30-39 ára og minnstur munur á notkun kynjanna í elsta aldurshópnum.




Mynd 6. Heildarfjöldi einstaklinga sem notaði Heilsuveru árið 2024 eftir aldurshópum og kyni

Eins og fyrri ár var beiðni um lyfjaendurnýjun mest notaða þjónusta Heilsuveru (mynd 7). Alls voru lyfjaendurnýjunarbeiðnir á árinu 672.981 sem er sambærilegt við árið 2023.




Mynd 7. Fjöldi beiðna um lyfjaendurnýjun í gegnum Heilsuveru á mánuði árin 2019-2024

Eftir umtalsverða aukningu á árunum 2021-2022 hefur rafrænum tímabókunum á heilsugæslustöðvum fækkað nokkuð. Þannig voru rafrænar tímabókanir 13,3% færri árið 2024 en árið 2023 (mynd 8). Liggur fækkunin í því að Upplýsingamiðstöð heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins annast nú forflokun sjúklinga og stóran hluta rafrænna bókana fyrir notendur.



Mynd 8. Fjöldi rafræna tímabókanna á heilsugæslustöðvum árin 2018-2024

Fjöldi fyrirspurna í Heilsuveru jókst verulega meðan á COVID-19 heimsfaraldri stóð, en hefur nú dregist nokkuð saman (mynd 9). Á árinu 2024 voru tæplega 21% færri skilaboð send úr Heilsuveru en árið á undan.



Mynd 9. Fjöldi fyrirspurna í Heilsuveru árin 2018-2024

Miðlægt lyfjakort

Innleiðing á miðlægu lyfjakorti á landsvísu hefur staðið yfir síðastliðin tvö ár og vonir standa til að hægt verði að klára innleiðingu að mestu árið 2025. Miðlægt lyfjakort er miðlægt yfirlit yfir núverandi lyfjanotkun sjúklings ásamt lyfja- og afgreiðslusögu.

Fjarheilbrigðisþjónusta

Í kjölfar útboðs vegna myndstrauma, sem ætlað er að styðja við áframhaldandi þróun og útvíkkun á myndsamtalalausn, var fyrirtækið Sensa valið til að sinna verkefninu. Unnið er að frekari þróun.

Miðstöð rafræna heilbrigðislausna hlaut jafnframt **verkefnastyrk** úr sjóði heilbrigðisráðuneytisins [Fjarheilbrigðisþjónusta á grundvelli byggðaaætlnar](#) fyrir þróun á rafrænni samskiptaleið fyrir hópviðtöl og hópmeðferð í gegnum öruggar samskiptaleiðir.

Milou

Innleiðing á Milou fæðingarritum hófst fyrir nokkru síðan en hefur dregist vegna tæknilegra orsaka hjá eigendum kerfisins. Verkefnið er í umsjá embættis landlæknis og er gjöf frá Kvenfélagasambandi Íslands í tilefni af 90 ára afmæli félagsins árið 2020.

Milou ritin skrá fósturhjartslátt og hríðamynstur í rauntíma á fæðingarstöðum víðs vegar um landið. Sérfræðingar á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri hafa aðgang að gögnum í rauntíma og vinna náið með ljósmæðrum á vettvangi við mat og ákvarðanatöku. Lausnin eykur öryggi og gæði fæðingarþjónustu á landsbyggðinni verulega. Áætlað er að innleiðingu verði lokið á öllum fæðingarstöðum fyrir árslok 2025.

Lausnarmót Heilsutækniklasans

Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna hefur á síðustu árum tekið virkan þátt í lausnarmótum Heilsutækniklasans, sem er **vettvangur nýsköpunar og þróunar í heilbrigðistækni**. Markmið mótanna er að efla aðgengi og sýnileika nýsköpunar í heilbrigðisgeiranum og gefa sprotafyrirtækjum tækifæri til að kynna lausnir sínar.

Árið 2024 sendi teymi frá Datalab inn umsókn sem byggir á **þróun gervigreindarlíkans sem nemur mögulegar óeðlilegar uppflettingar í lyfjaávisanagátt**. Lausnin er þróuð í samvinnu við fagaðila og áætlað er að prófanir á raungögnum fari fram á vormánuðum 2025.

Heilsulausn – Ný hugbúnaðarlausn fyrir heilsueflandi þjónustu í heilsugæslu

Með stuðningi frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu hefur Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna hafið þróun á nýrri hugbúnaðarlausn undir heitinu **Heilsulausn**. Verkefnið er unnið í nánú samstarfi við Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og fleiri rekstraraðila heilsugæslustöðva.

Lausnin styður við þverfaglega og framvirka þjónustu með áherslu á sjálfvirkni og skilvirkan stuðning við heilbrigðisstarfsfólk og notendur þjónustunnar. **Markmiðið er að notendur geti nálgast upplýsingar um heilsufar og áhrifaþætti heilsu á heildrænan hátt með áherslu á lífsgæði**. Sérstaklega verður lögð áhersla á annars og þriðja stigs forvarnir fyrir aldraða og einstaklinga með fjölþættan eða langvinnan heilsuvanda.

Sóttvarnir

Megináherslur og verkefni

Sóttvarnalæknir starfar samkvæmt [sóttvarnalögum nr. 19/1997](#), og tengdum reglugerðum, og **ber ábyrgð á sóttvörnum** undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra. Yfirlit um [meginhlutverk sóttvarnalækna](#) má finna á vef embættis landlæknis.

Á árinu 2024 var lögð áhersla á eftirfarandi:

- Að sinna **vöktun smitsjúkdóma** og deila upplýsingum um þá til almennings og heilbrigðisstarfsfólks.
- Að **bregðast við útbreiðslu smitsjúkdóma** með viðeigandi hætti og veita almenningi og heilbrigðisstarfsfólki leiðbeiningar og ráðgjöf, m.a. um **sýkingavarnir**.
- Að **endurskoða bólusetningaráætlanir** og vinna með heilsugæslu við **framkvæmd almennra bólusetninga**.
- Að huga að uppfærslu **viðbragðsáætlaða um farsóttir** og aðrar bráðar heilsuógnir við lýðheilsu ásamt endurskipulagningu öryggisbirgða lyfja og hlífðarbúnaðar.
- Að efla **vöktun á notkun sýklalyfja og útbreiðslu sýklalyfjaónæmis** og þverfaglega samvinnu í anda Einnar heilsu (One Health) í samræmi við aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmis.
- **Alþjóðlegt samstarf** á sviði sóttvarna.

Vöktun og áhættugreining

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir að halda skrá um almennar [bólusetningar](#) og að [halda smitsjúkdómaskrá](#), varðandi smitsjúkdóma, sem eru alvarlegir eða geta ógnað almannaheill, auk alvarlegra heilsufarslegra afleiðinga eiturefna og geislavirkra efna. Þá heldur sóttvarnalæknir skrá um sýklalyfjanotkun manna.

Upplýsingar vegna [skráningar](#)- og [tilkynningarskyldra sjúkdóma](#) berast til sóttvarnalækna eftir þremur meginleiðum:

1. Frá rannsóknarstofum Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri í sýkla- og veirufræði.
2. Frá meðhöndlandi læknum (klínískar tilkynningar).
3. Úr sjúkraskrá heilbrigðisstofnana.

Flutningur ofangreindra upplýsinga frá rannsóknarstofum og úr sjúkraskrá til sóttvarnalækna er nær eingöngu með **rafrænum hætti**, en auk þess senda læknar sérstaklega aðrar nauðsynlegar faraldsfræðilegar upplýsingar varðandi tiltekna sjúkdóma. Töluverður misbrestur hefur verið á heimtum þessara faraldsfræðilegu (klínísku) tilkynninga frá læknum en **fjármagn til að koma á rafrænum sendingum þeirra upplýsinga var tryggt á árinu með styrk frá Evrópusambandinu (ESB)**.

Sóttvarnalæknir miðlar [upplýsingum um útbreiðslu smitsjúkdóma](#) til almennings, heilbrigðisstarfsfólks og stjórnvalda og til erlendra samstarfsaðila: Sóttvarnastofnunar Evrópu ([ECDC](#)) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar ([WHO](#)). Sóttvarnalæknir hlaut veglegan styrk frá heilbrigðisáætlun ESB á árinu, [Iceland-INSSE](#), til að efla vöktun, en verkefnið hófst árið 2025 og stendur í fjögur ár.

Í lok árs 2024 voru liðin fimm ár frá upphafi heimsfaraldurs **COVID-19** en greiningum sjúkdómsins hér á landi hefur fækkað mikið. Vöktun á COVID-19 heldur áfram en með sama hætti og vöktun annarra tilkynningarskyldra sjúkdóma. Sérstaklega er fylgst með **öndunarfærasýkingum** yfir vetrartímann, á tímabili árlegrar inflúensu. [Vikulegar samantektir um greiningar öndunarfærasýkinga](#) og innlagnir á Landspítala voru gefnar út á tímabilinu.



Í umboði sóttvarnalæknis starfar þverfaglegur samstarfshópur um upplýsingagjöf til almennings vegna [loftborinnar hættu á heilsutjóni tengdu eldgosum](#). Hópurinn hefur fundað reglulega í tengslum við endurtekin eldgos á Reykjanesi og lagt mat á hugsanleg [heilsufarsleg áhrif gosgengunar](#) fyrir almenning.

Ítarlegt yfirlit um starfsemi á sviði sóttvarna, er að finna í árlegri [farsóttaskýrslu](#) sóttvarnalæknis, [ársskýrslu um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjanæmi baktería](#), auk skýrslu um [árlega þátttöku í almennum bólusetningum barna](#).

Bólusetningar

Almennar bólusetningar eru [skráðar í miðlæga bólusetningaskrá](#) á ábyrgð sóttvarnalæknis.

Á árinu hófst vinna við **nýtt rafrænt skráningakerfi bólusetninga** fjármagnað af styrk til sóttvarnalæknis, [EU-HIP](#), gegnum heilbrigðisáætlun ESB.

Samvinna heilsugæslu og sóttvarnalæknis um málefni [bólusetninga](#) er margþætt. Þar ber hæst árviss fræðsludagur um bólusetningar fyrir starfsfólk heilbrigðisþjónustu og ýmis samvinna varðandi framkvæmd bólusetninga. **Þátttaka í bólusetningu gegn COVID-19 og inflúensu var undir markmiðum árið 2024** og er lítil þátttaka eldra fólks í inflúensubólusetningum viðvarandi áskorun. Almennar bólusetningar árið 2024 verða að venju gerðar upp þegar skólaári lýkur.



Þar sem þátttaka eldra fólks í inflúensubólusetningum er bæði minni hér á landi en á hinum Norður-löndunum auk þess sem þátttökuhlutfall er lægra en viðmið WHO kveður á um var ákveðið að efna til **auglýsingaherferðar haustið 2024 til að minna eldra fólk á mikilvægi bólusetninga gegn inflúensu og**

COVID-19. Kynningin var hönnuð í samvinnu við auglýsingastofu og voru auglýsingar birtar á ýmsum miðlum auk auglýsingaskilta við fjölfarnar götur. Því miður virtust auglýsingar ekki hafa merkjanleg áhrif þar sem bólusetningabátttaka síðastliðinn vetur virðist svipuð og árið 2023 og árin fyrir COVID-19 faraldur, með fyrirvara um að ekki er búið að taka endanlega saman þátttökutölur 2024.

Hópsýkingar

Náin samvinna var við Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga við [rannsóknir matartengdra hópsýkinga](#) sem urðu nokkrar á árinu. Þar bar hæst [E. coli hópsýking tengd leikskóla í Reykjavík](#) sem var alvarlegasta matartengda hópsýkingin til þessa á Íslandi en uppruna sýkingarinnar mátti rekja til kjöthakks og ófullnægjandi eldunar þess. Að auki má nefna fjölmennar [nóróveiruhópsýkingar tengdar ferðahópum á hálendinu](#) undir lok sumars.

Skynsamleg notkun sýklalyfja og aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi

Sóttvarnalæknir heldur skrá um notkun manna á sýklalyfjum, en mikil og ómarkviss notkun sýklalyfja getur stuðlað að auknu ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum. **Notkun sýklalyfja (lyfjaávisanir) á Íslandi jókst aftur árin 2022 til 2024** eftir að hafa minnkað á COVID-19 tímabilinu.

Haustið 2024 var birt nýtt [mælaborð á vef embættis landlæknis um notkun sýklalyfja utan sjúkrahúsa](#) á Íslandi. Þar er hægt að skoða notkun sýklalyfja út frá ýmsum breytum svo sem kyni, aldri, búsetu, árum og sýklalyfjaflokki. Sem fyrr var gerð nánari grein fyrir sýklalyfjanotkun hjá mönnum og dýrum í [árlegri skýrslu sóttvarnalæknis](#).

Haustið 2022 var [skipaður opinber starfshópur](#) til að vinna að **aðgerðum gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería** en fulltrúi sóttvarnalæknis situr í hópnum. Starfshópurinn skilaði tillögum að aðgerðaáætlun í byrjun árs 2024 og í ágúst sama ár [undirrituðu þrír ráðherrar](#) formlega **aðgerðaáætlun gegn sýklalyfjaónæmi**. Áætlunin nær yfir tímabilið 2025–2029 og felur í sér sex aðgerðir ásamt kostnaðarmati á framkvæmd 24 markmiða og 75 forgangsraðaðra verkefna.



Sóttvarnalæknir leiðir þátttöku Íslands í verkefninu [EU-JAMRAI 2](#), styrkt af ESB, sem er sameiginlegt átak Evrópuríkja gegn sýklalyfjaónæmi og sýkingum tengdum heilbrigðisþjónustu, en verkefnið hófst árið 2024 og stendur í fjögur ár.

Viðbrögð og viðbragðsáætlun

Gerð [viðbragðsáætlana um sóttvarnir vegna bráðra ógna við lýðheilsu](#) er í höndum sóttvarnalæknis í samvinnu við almannavarnir. Vinna við uppfærslu viðbragðsáætlana hélt áfram á árinu 2024. **Áhersla var á Landsáætlun um heimsfaraldur og viðbragðsáætlun vegna atvika af völdum eiturefna og geislavirkra efna.**

Samvinna í undirbúningi og viðbragði vegna bráðra heilbrigðisógna fer fram í gegnum norrænt samstarf um heilbrigðisviðbúnað ([Svalbarðahóp](#)), sem sóttvarnalæknir og almannavarnir eru aðilar að. Árið 2024 var lögð sérstök áhersla á að ljúka verkefni um greiningu lagalegra hindrana varðandi **heilbrigðisaðstoð þvert**

á landamæri Norðurlanda. Einnig var svokallað **brunasamkomulag** milli landanna uppfært (Nordic Mass Burn Casualty Incident Response Plan), en það var fyrst gefið út fyrir fimm árum.

Fundir og fræðsla

Sóttvarnalæknir er tengiliður Íslands við alþjóðastofnanir svo sem Sóttvarnastofnun Evrópu (ECDC) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO) auk heilbrigðis- og öryggismálaráð (Health Security Committee) Evrópuráðsins. Starfsfólk sóttvarnasviðs sótti reglulega fundi um ýmis málefni varðandi smitsjúkdóma, sóttvarnir, undirbúning og viðbragð. Einnig er sóttvarnalæknir ábyrgur fyrir styrkjum frá ESB á sviði heilbrigðismála ([EU4Health](#)) um sóttvarnir og heilbrigðisviðbúnað, þar á meðal um eflingu rafrænna heilbrigðislausna og gagnagrunna, eflingu vöktunar, sýklalyfjanotkun og -ónæmi og öryggisbirgðir lyfja og hlífðarbúnaðar.

Sem liður í fræðslu til almennings og heilbrigðisstarfsfólks um sýklalyfjanotkun og -ónæmi tekur sóttvarnalæknir virkan þátt í árlegri alþjóðlegri vitundarvakningu ECDC og WHO. Í tengslum við það hélt sóttvarnalæknir [málþing um sýklalyf og sýklalyfjaónæmi](#), sem nú er orðinn árlegur viðburður, með þátttöku sérfræðinga sóttvarnasviðs og ýmissa samstarfsstofnana.



Í alþjóðlegri viku bólusetninga var haldinn **árlegur fræðsludagur um bólusetningar barna** fyrir fagaðila, en það er samvinnuverkefni sóttvarnalækna og Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu. Flutt voru erindi sérfræðinga frá sóttvarnalækni, Landspítala og heilsugæslu. Var sérstaklega fjallað um breytingar á **bólusetningaráætlun, hugsanlegar bólusetningar gegn RS-veiru og nýtt rafrænt kerfi bólusetningaskráninga**.

Tíð samskipti héldu áfram á árinu milli sóttvarnastofnana Norðurlandanna, m.a. til að deila faraldsfræðilegum upplýsingum um smitsjúkdóma og bólusetningar.

[Samstarfsnefnd um sóttvarnir \(SSUS\)](#) er skipuð af ráðherra samkvæmt sóttvarnalögum. Hlutverk nefndarinnar er að afla gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að **meta og uppræta smithættu sem ógnar heilsu fólks vegna manna, dýra, eitur- eða geislavirkra efna**. Í nefndinni sitja fulltrúar frá sóttvarnalækni, Matvælastofnun, Geislavörnum ríkisins og Umhverfis- og orkustofnun. SSUS fundaði á árinu og fjallaði m.a. um fuglainflúensu, geislavarnir og matarbornar hópsýkingar auk Evrópusamstarfs á sviði heilbrigðisviðbúnaðar við bráðum lýðheilsuógunum.

[Sóttvarnaráð](#) er einnig ráðherraskipað en þar sitja sérfræðingar á sviði smit- og kynsjúkdóma, bakteríu-, veiru- og faraldsfræði, heilsugæslulæknir og hjúkrunarfræðingur með sérþekkingu á sóttvörnum. Formaður er skipaður af ráðherra en sóttvarnalæknir er ritari. **Ráðið mótar stefnu í sóttvörnum og skal vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma**. Sóttvarnaráð fundaði reglulega á árinu og sérstaklega var áhersla lögð á málefni tengd almennum bólusetningum og hugsanlegum breytingum á bólusetningaáætlun.

Styrkir

Embætti landlæknis hefur á síðustu árum notið umtalsverðra styrkja frá Heilbrigðisáætlun Evrópu-sambandsins ([EU4Health](#)). Um er að ræða samkeppnisstyrki á mörgum starfssviðum embættisins. Þessir styrkir hafa gert embættinu kleift að styrkja starfsemi sína og byggja upp verðmæt tengsl við fjölbjóðlega samstarfsaðila. Á árinu 2024 tryggði embættið sér eftirtalda styrki:

Sóttvarnir

Efling vöktunarkerfa ríkja ESB/EES (Iceland-ISNSS)

- Styrkur til sóttvarnalæknis um að efla vöktun á landsvísu með því að styrkja stafræn kerfi og gagnagrunna.
- Ætlunin er að efla smitsjúkdómaskrá sóttvarnalæknis og kerfi fyrir sendingar og vinnslu gagna um tilkynningarskylda sjúkdóma. Sóttvarnalæknir í samstarfi við Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna.
- Heildarstyrkur € 97 milljónir; hluti embættis landlæknis € 3,2 milljónir (ISK 472 milljónir). Tímabil 2025-2028.

Aðgerðir um stefnumótun varðandi öryggisbirgðir lyfja og annars búnaðar til nota í neyðarástandi vegna bráðra heilsuógnna (EU-JA Stockpile)

- Samstarfsverkefni 25 ríkja innan ESB/EES til að efla og samræma áætlanir um öryggisbirgðir á landsvísu, þar á meðal lyf, til nota í neyðarástandi vegna bráðra heilsuógnna.
- Verkefnið snýst m.a. um að greina innihald og magn öryggisbirgða lyfja og annars heilbrigðisbúnaðar, samræma birgðahald á landsvísu og innan ESB/EES svæðis, aðgerðir til að bæta yfirsýn yfir birgðahald og fyrningu birgða og að gera dreifingu og notkun birgða skilvirkari.
- Lyfjastofnun er einnig þátttakandi í verkefninu.
- Heildarstyrkur € 12,5 milljónir; hluti embættis landlæknis € 213.675 (ISK 30 milljónir). Tímabil 2025-2028.

Lýðheilsa

Efling geðheilsu og vellíðunar í Evrópu (MENTOR)

- Styrkur til embættis landlæknis til þátttöku í evrópsku samstarfsverkefni um geðheilsu og vellíðan.
- Markmið verkefnisins er að miðla þekkingu og reynslu af árangursríkum aðferðum, allt frá áherslum stjórnvalda til klínískra starfshátta, milli ríkja Evrópu og stuðla að markvissum aðgerðum til að efla geðheilsu bæði á einstaklings- og samfélagsgrunni.
- Heildarstyrkur € 7,5 milljónir; hluti embættis landlæknis € 500.000 (ISK 72,8 milljónir). Tímabil 2024-2027.

Heilbrigðisupplýsingar

Efling norrænnar samvinnu við endurnýtingu heilbrigðisgagna (VALO)

- Styrkur til embættis landlæknis til þess að taka þátt í undirbúningi Norðurlanda á innleiðingu evrópska heilbrigðisgagnasvæðisins (EHDS)
- Embætti landlæknis leiðir verkefni þar sem skilgreindar eru leiðir til þess að efla norræna samvinnu í endurnýtingu heilbrigðisgagna til vísindarannsókna og nýsköpunar
- Heildarstyrkur VALO1 € 1.649.765; hluti embætti landlæknis € 193.200 (ISK 28.728.840). Tímabil febrúar 2024- október 2025
- Heildarstyrkur VALO2 (Draft) € 838.049; hluti embætti landlæknis € 68.000 (ISK 10.193.200). Tímabil maí 2025 – október 2026

Fjárhagur

Embætti landlæknis leggur áherslu á vandaða áætlanagerð og fjármálastjórn. Fjárhagsupplýsingar embættisins og Lýðheilsusjóðs eru gerðar í samræmi við [lög um opinber fjármál](#).


Hér eru birtir **ársreikningar** embættis landlæknis fyrir árin 2024 og 2023 en meðfylgjandi myndir sýna þróun lykiltalna úr rekstrinum.

Embætti landlæknis					
Rekstrarreikningur	Árið 2024	Árið 2023	Efnahagsreikningur	31.12.2024	31.12.2023
Tekjur			Eignir		
Framlag úr ríkisjóði	1.832.200.000	1.656.700.000	Fastafjármunir		
Sértekjur	1.099.685.012	369.633.609	Óefnislegar eignir	831.880.572	582.875.248
Aðrar rekstrartekjur	13.520.910	10.636.912	Varanlegir rekstrarfjármunir	39.279.134	21.055.835
Tekjufærsla frestaðra tekna	116.804.261	101.695.592	Veltufjármunir	636.538.272	301.475.525
Tekjur samtals	3.062.210.183	2.138.666.113	Eignir samtals	<u>1.507.697.978</u>	<u>905.406.608</u>
Gjöld			Eigið fé		
Laun og launatengd gjöld	1.238.395.680	1.088.560.418	Hrein eign	945.187.157	541.905.927
Önnur gjöld	1.060.820.319	731.983.131	Skuldir		
Afskriftir	116.804.261	101.695.592	Langtímaskuldir	0	0
Gjöld alls	2.416.020.260	1.922.239.141	Skammtímaskuldir	562.510.821	363.500.681
Fjármunatekjur	125.111	8.626	Skuldir alls	562.510.821	363.500.681
Fjármagnsgjöld	-1.127.877	-870.801			
Afkoma ársins	<u>645.187.157</u>	<u>215.564.797</u>	Eigið fé og skuldir samtals	<u>1.507.697.978</u>	<u>905.406.608</u>

Á árunum 2024 og 2023 var fjárfesting í tölvukerfum (óefnislegum eignum) embættisins eignfærð. Skýrir það jákvæða afkomu árána og umframráðstöfun vegna fjárfestinga á árunum. Stofnunin mun óska eftir millifærslu fjárveitinga milli rekstrar og fjárfestinga til jöfnunar. **Jákvæð afkoma á árinu 2024 skýrist einnig af erlendum styrkjum sem embættið fékk á árinu 2024** en var ekki ráðstafað innan ársins.

Hlutfallsleg skipting útgjalda til helstu málaflokka					
	Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna	Eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu	Lýðheilsa	Heilbrigðisupplýsingar	Sóttvarnir
2022	36%	19%	15%	16%	15%
2023	43%	20%	17%	10%	11%
2024	43%	17%	20%	10%	10%

Stærsti hluti útgjalda eru laun og launatengd gjöld eða 53% af heildarútgjöldum embættisins 2024.




Mynd 10. Rekstrargjöld 2022-2024

Lýðheilsusjóður

Hlutverk [Lýðheilsusjóðs](#) er að styrkja lýðheilsustarf sem samræmist markmiðum [laga um landlækni og lýðheilsu](#), í þeim tilgangi að stuðla að heilsuefningu og forvörnum. Styrkir eru veittir til verkefna og afmarkaðra hagnýtra rannsókna.

Hinn 13. mars 2024 fór fram athöfn í húsakynnum Fjölbautaskólans í Breiðholti þar sem heilbrigðisráðherra, Willum Þór Þórsson, [úthlutaði styrkjum](#) að fengnum tillögum stjórnar Lýðheilsusjóðs sem mat umsóknir út frá því hvernig þær falla að hlutverki sjóðsins. Áður höfðu fagrað embættis landlæknis metið allar umsóknir sem bárust. Embætti landlæknis annast daglega umsýslu og reikningshald Lýðheilsusjóðs.

Við úthlutun styrkja úr Lýðheilsusjóði var áhersla lögð á að styrkja aðgerðir sem miða að því að **efla geðheilsu barna og fullorðinna og efla félagsfærni ásamt því að draga úr einmanaleika**. Önnur áhersluatriði eru áfengis-, vímu- og tóbaksvarnir, næring, hreyfing og kynheilbrigði. Alls veitti heilbrigðisráðherra styrki til **158 verkefna** og nema þeir rúmlega **92 milljónum króna**.



Mynd 11. Úthlutun úr Lýðheilsusjóði 2020-2024 (m.kr.)

ISSN 1670–746X

Útgefandi

Embætti landlæknis
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
©2024 Embætti landlæknis

Ábyrgðarmaður

María Heimisdóttir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Útlit

Jökulá

Umbrot

Embætti landlæknis

Myndir

Ljósmynd af landlækni á blaðsíðu 3: Olga Björt Þórðardóttir

Aðrar myndir: Embætti landlæknis

Ársskýrsla embættis landlæknis 2024 er gefin út rafrænt.
Heimilt er að afrita og nota efni hennar, sé heimildar getið.